

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/536
komudagur 7.12.2004

Sælir, nefndarmenn iðnaðarnefndar Alþingis.

Vegna frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingar á raforkulögum finn ég mig knúinn til að gera ykkur grein fyrir alvarleika þess máls sem hér um ræðir. Flestar þær breytingar sem frumvarpið gengur út á eru af hinu góða en þar er að finna eitt atriði, í 2. gr. lið c., sem er alveg óskiljanlegt með öllu. Ef þetta atriði fer óbreytt í gegn mun það þýða verulega tekjurýrnun hjá minni virkjunum sem tengjast dreifiveitum.

Í flestum tilfellum auka smávirkjanir sem tengjast dreifiveitum rekstraröryggi dreifiveitunnar og geta jafnvel séð henni ,alfarið eða að hluta, fyrir rafmagni þegar flutningsnetið dettur út. Samkvæmt þessu frumvarpi þá á flutningsfyrirtækið alltaf að innheimta fullt úttektargjald af framleiðslu virkjana sem framleiða inn á dreifikerfi. Fram að þessu hefur Landsvirkjun (sem hefur átt flutningskerfið) einungis innheimt gjald af þeirri úttekt sem dreifiveiturnar taka út af kerfinu og það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni að á þessu kynni að verða breyting enda ekki sýnileg ástæða til.

Í 2. gr. frumvarpsins í lið c. segir: Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan dreifiveitusvæðisins. Í athugasemdum með frumvarpinu segir svo um þennan lið: Við undirbúning frumvarps þess sem leiddi til breytinga á flutningskafla raforkulaga og varð að lögum nr. 89/2004 var gengið út frá því að dreifiveitur greiddu til flutningsfyrirtækisins fyrir alla raforku sem notuð væri á viðkomandi dreifiveitusvæði. Skipti þar ekki máli hvort orkan kæmi frá flutningskerfinu eða frá virkjunum á viðkomandi dreifiveitusvæði, beint inn á dreifikerfi, enda væri það sú raforka sem flutningsfyrirtækið þyrfti að hafa til reiðu ef bilanir kæmu upp. Má geta þess að allir útreikningar kostnaðarforsendna, m.a. fyrir hina svonefndu „nítján manna nefnd“, byggðust á þessu fyrirkomulagi. Fyrirkomulag þetta er einnig í samræmi við gjaldtöku fyrir innmötun virkjana, sem greiða sama gjald, hvort sem orkan fer beint inn á flutningskerfið eða virkjunin tengist dreifiveitu. Ekki var kveðið nægilega skýrt á um þetta í lögum nr. 89/2004 sem kváðu á um breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, og samþykkt voru sl. vor. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og tekinn af allur vafi um hvernig reikna beri úttektargjald.

Þær skýringar og fullyrðingar sem koma fram í athugasemdum með frumvarpinu eru alrangar. Það var ekki gert ráð fyrir því í upphafi að gjaldtakan yrði með þessum hætti og það var skýrt tekið fram í lögnum með hvaða hætti flutningsfyrirtækið ætti að fá sínar tekjur. Innheimta átti samkvæmt mældri inn- og útmötun í tengipunktum við dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir sem tengjast flutningskerfinu. Enda er það alveg fráleitt að flutningsfyrirtækið eigi að leggja stórkostleg gjöld á framleiðslu innan dreifiveitusvæða en þessi framleiðsla dregur úr því magni af afli og orku sem dreifiveitan þarf að taka út af flutningskerfinu sem nemur framleiðslunni. Þessi framleiðsla kostar flutningskerfið ekki neitt. Mér finnst réttlætánlegt að flutningsfyrirtækið fái hluta af innmötunargjaldinu eins og kveðið er á um í núverandi lögum en þessi breyting sem nú er verið að boða er alveg fráleit og gengur út fyrir alla þjófabálka.

Við skulum skoða rökin sem höfundar frumvarpsins beita fyrir sig. Þeir segja að þetta sé sú raforka sem flutningsfyrirtækið þurfi að hafa til reiðu ef bilanir koma upp á. Vissulega geta gomið upp bilanir hjá minni virkjunum (eins og hjá Landsvirkjun reyndar líka) og þá þarf dreifiveitan að fá samsvarandi afl frá flutningsnetinu eða öðrum framleiðendum á svæðinu. Ef dreifiveitan tekur aflið út af flutningsnetinu þá er það eitthvað sem hún þarf væntanlega að gera ráð fyrir í sínum afkaupum frá flutningfyrirtækinu og þannig fær flutningsfyrirtækið þær tekjur sem því ber. Þannig að þessi rök halda engan veginn. Annað sem þeir nefna er að allir útreikningar kostnaðarforsenda fyrir hina svonefndu "nítján manna nefnd" hafi byggst á þessu fyrirkomulagi. Þetta stenst engan veginn heldur, því ef þetta hefur verið lagt til grundvallar á þeim tíma þá hefði þetta fyrirkomulag verið sett í lögin strax árið 2003. Þess ber líka að geta að flutningsvið Landsvirkjunar hefur þegar gefið út drög að gjaldskrá fyrir næsta ár og í forsendum þeirrar gjaldskrár er ekki gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi.

Í viðtali sem ég átti á dögnum við framkvæmdastjóra flutningssviðs Landsvirkjunar, kom fram að þeir væru ekki að óska eftir þessum breytingum. Þeir gera ráð fyrir að innheimta gjöld samkvæmt sínum orkumælum í tengipunktum netsins og ekkert umfram það. Því skil ég ekki hver er að þrýsta á um þessar breytingar sem gera ekkert nema íþyngja minni framleiðendum og dreifiveitum. Ef umrætt atriði verður að lögum er Alþingi búið að gjörbreyta rekstrarforsendum lítilla virkjana. Inngrip hins opinbera með þessum hætti geta hæglega skilið á milli feigs og ófeigs hjá þeim sem reka minni virkjanir.

Aðalsteinn Bjarnason
Fallorka ehf.
Rekstraraðili Djúpadalsvirkjunar

Ágætu nefndarmenn iðnaðarnefndar Alþingis!

Þar sem ég hef undanfarin ár unnið nokkuð við undirbúning og hönnun smávirkjana, langar mig að koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum. Meðal virkjana sem ég hef unnið að eru 300 - 400 kW virkjanir sem tengdar eru dreifikerfi RARIK og voru reistar á grundvelli áætlana sem byggðu á því sem komist varð næst um raforkuverð sl. tvö ár. Verði þetta frumvarp að lögum óbreytt, mun það hafa veruleg áhrif á rekstur þessara virkjana og einnig á áætlanir um nýjar virkjanir sem unnið hefur verið að undanfarið. Í neðangreindum athugasemdum á ég við virkjanir sem tengdar eru dreifiveitum, selja framleiðslu sína nærliggjandi dreifiveitu og orkan er notuð innan viðkomandi dreifiveitusvæðis.

Árni S. Sigurðsson
 vélaverkfræðingur

Athugasemdir við frumvarp um breytingu á raforkulögum.

1. Úttektargjald dreifiveitu óháð framleiðslu á dreifiveitusvæði.
Ekkert tillit virðist tekið til minni úttektar dreifiveitu af flutningskerfi vegna tengdra smávirkjana. Þótt eðlilegt sé að smávirkjanir taki nokkurn þátt í kostnaði við flutningskerfið (vegna reiðuafsl, þótt þær noti flutningskerfið ekki að öðru leyti, varaafll er oft fyrir hendi innan dreifiveitusvæðisins), virðist fullkomlega óeðlilegt að láta eins og þær séu ekki til.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir: „Við undirbúning frumvarps þess sem leiddi til breytinga á flutningskafla raforkulaga og varð að lögum nr. 89/2004 var gengið út frá því að dreifiveitur greiddu til flutningsfyrirtækisins fyrir alla raforku sem notuð væri á viðkomandi dreifiveitusvæði. Skipti þar ekki máli hvort orkan kæmi frá flutningskerfinu eða frá virkjunum á viðkomandi dreifiveitusvæði, beint inn á dreifikerfi, enda væri það sú raforka sem flutningsfyrirtækið þyrfti að hafa til reiðu ef bilanir kæmu upp. Má geta þess að allir útreikningar kostnaðarforsendna, m.a. fyrir hina svonefndu „nitján manna nefnd“, byggðust á þessu fyrirkomulagi. Fyrirkomulag þetta er einnig í samræmi við gjaldtöku fyrir innmötun virkjana, sem greiða sama gjald, hvort sem orkan fer beint inn á flutningskerfið eða virkjunin tengist dreifiveitu.“

Þetta fæst raunar ekki staðist, því ekki er gert ráð fyrir úttektargjaldi með þessum hætti í lögnum og ekki heldur í bráðabirgðagjaldskrá sem flutningssvið Landsvirkjunar gerði í fyrra.

Eðlilegt verður að teljast, að úttektargjald til flutningskerfisins fari eftir úttekt dreifiveitu af flutningskerfinu. Ef bilanir koma upp í virkjun tengdri dreifiveitu, mun dreifiveitan eðlilega þurfa að greiða flutningskerfinu bæði fyrir afl og orku sem nemur framleiðslu virkjunarinnar. Þátttaka virkjunar í uppbyggingu flutningskerfis kæmi með innmötunargjaldi, sbr. næsta lið.

2. Innmötunargjald virkjunar óháð tengingu og raunverulegri innmötun.
Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að innmötunargjald virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skiptist milli flutningsfyrirtækis og viðkomandi dreifiveitu skv. skiptireglu sem OS ákveður (að fenginni tillögu aðila).
Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dreifiveitan innheimti fullt innmötunargjald fyrir flutningsfyrirtækið en flutningsfyrirtækið greiði síðan dreifiveitunni „...eðlilegt gjald fyrir að annast tengsl slíkra virkjana við flutningskerfið.“ OS (hver annar) ákveður „eðlilegt gjald“ verði um það ágreiningur.
Ekkert liggur fyrir um hvert gjaldið verður, hvort nokkuð tillit verður tekið til raunverulegrar innmötunar virkjunarinnar til flutningskerfisins, eða hvort nær algerlega verður litið framhjá því hagræði að tengja virkjun dreifikerfi en ekki beint við flutningskerfið. Hins vegar má telja eðlilegt að smávirkjanir tengdar dreifiveitu greiði innmötunargjald að nokkru eða miklu leyti, enda verði tekið tillit til framleiðslu þeirra við útreikning úttektargjalds.
3. Minnkað tap í dreifikerfi vegna virkjunar.
„2. málsl. 8. mgr. orðast svo: Dreifiveita skal láta virkjun sem tengist veitusvæði hennar beint og leiðir til minni tapa en ella væri eða er á annan hátt hagstæð fyrir dreifikerfið njóta þess hagræðis.“ Þetta

ákvæði er jákvætt og tryggir það sem ætti að vera sjálfsagt í viðskiptum dreifiveitu og virkjunar.

Helstu röksemdir fyrir „föstum“ inn- og útmötunargjöldum virðast vera þær að byggja þurfi upp flutningskerfi til að geta afhent allt afl sem smávirkjanir geta afhent, þar sem virkjanirnar geti bilað og afhendingaröryggi þeirra sé minna en flutningskerfisins. Þetta er að vissu leyti rétt, því er eðlilegt að smávirkjanir greiði **hluta** innmötunar- eða útmötunargjalds eftir atvikum, en ekki fullt gjald. Lægra afhendingaröryggi kemur væntanlega fram í því að þær verða að selja framleiðslu sína á heldur lægra verði en stórvirkjanir.

Hins vegar virðist ekkert tillit vera tekið til þess að **smávirkjanir geta aukið afhendingaröryggi** raforku. Auk þess eru dæmi um að **fleiri en ein smávirkjun tengist sama dreifikerfinu** og afar ólíklegt að þær bili allar samtímis. Ekkert virðist vera reiknað með því.

Sem dæmi má nefna, að í janúar sl. féllu nokkur snjóflóð á raflínu frá Dalvík til Ólafsfjarðar og rofnaði þar með tenging Ólafsfjarðar, Fljóta og Siglufjarðar við flutningskerfið. Rafmagn hélst þó að mestu á svæðinu, því þar eru þrjár vatnsaflsvirkjanir, tvær í eigu RaRík og ein í einkaeign.

Í ræðum stjórnámálanna o. fl. hefur því verið haldið fram að breytingar á orkulögum auðvelduðu rekstur smávirkjana og orkusölu frá þeim, enda hefði áhugi á smávirkjunum vaxið vegna lagabreytinganna. Nú virðist hins vegar stefna í þveröfuga átt.

Um árabíl má segja að virkjun á Sleitustöðum í Skagafirði hafi verið eina einkarekna smávirkjunin sem tengdist dreifikerfi RaRík og seldi RaRík orku. Árið 2002 voru teknar í notkun fáeinar einkareknar virkjanir og gerðir samningar við dreifiveitu um orkukaup frá þeim. Í áætlunum um tekjur smávirkjana fram til ársins 2003 var tekið mið af orkuverði skv. opinberri gjaldskrá Landsvirkjunar og geri ég ráð fyrir að það hafi einnig verið gert í orkusölusamningum þessara virkjana.

Í áætlunum sem gerðar hafa verið síðastliðið ár u. þ. b., og væntanlega einnig í þeim fáu orkuviðskiptasamningum sem gerðir voru 2003, má segja að orkuverð hafi **lækkað um ca 10 - 20 %** frá fyrri árum. Orsakir voru m. a. eðlileg þáttaka smávirkjana í uppbyggingu flutningskerfis og breytt viðskiptaumhverfi.

Nú virðist stefna í **10 - 15% viðbótarlækkun** til smávirkjana sem hafa samið beint við dreifiveitur (nokkuð mismunandi eftir aðstæðum). Yrði þá um að ræða **20 - 30 % lækkun orkuverðs** til smávirkjana frá því í **desember 1999** er iðnaðarráðherra skipaði nefnd til að kanna „...hagkvæmni þess að virkja smærri vatnsföll á bújörðum og tilgreini megin kosti og galla þess.“

Ljóst er að með þessu verður rekstrargrundvelli kippt undan einhverjum þeirra smávirkjana sem nú eru í rekstri. Líklegt er að einhverjir aðilar, sem byggðu smávirkjun á grundvelli gildandi laga 2003 - 2004 verði gjaldþrota í kjölfarið, þótt þeir hafi gert varfærnar rekstraráætlanir í samræmi við þágildandi orkuverð, en treyst á að stjórnámálameñn stæðu við stóru orðin um bættu möguleika einkavirkjana í frjálsu viðskiptaumhverfi.

Loks má geta þess að óhagstæð skilyrði til að reka smávirkjanir tengdar dreifikerfi verða hvatning til að reka virkjanirnar einangraðar (þannig eru um 200 einkavirkjanir á landinu). Þannig mætti halda fram að lögin gætu tafið fyrir tækniframförum.

Árni S. Sigurðsson
vélaverkfræðingur
Verkfræðistofu Norðurlands ehf

Rvk. 07.12.2004

Athugasemdir BSRB við frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga. BSRB vill ítreka áður framkomna gagnrýni sem birtist í sameiginlegu álitni BSRB og ASÍ, dagsettu 19.02.2004 vegna niðurstöðu svokallaðrar 19 manna nefndar um raforkuflutning og dreifingu.

Þar segir m.a. “að full ástæða er til þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt Íslendingum undanþágu frá tilskipun 96/92 EB. Fullljóst er, að landfræðileg lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði með raforku. Með raforkulögunum sem sett voru á síðasta ári og þessu frumvarpi er engu að síður verið að umbreyta öllu raforkukerfi landsmanna til þess eins að uppfylla þessa tilskipun, án þess að möguleiki sé á að gera sér nægjanlega grein fyrir tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess. Þannig hefur ekki verið hægt að svara einföldum spurningum eins og hvaða áhrif þessar breytingar hafa, bæði vegna uppskiptingar kerfisins, aukinnar jöfnunar á flutningskostnaði, breyttrar áhættudreifingar og aukinna arðsemiskrafna á raforkuverð til heimila og fyrirtækja. Upplýsingar um einstaka rekstrarþætti liggja ekki fyrir né heldur hvert matsverð núverandi fjárfestinga í raforkukerfinu er. Því er að sumu leyti verið að óska eftir óútfylltri ávísun hvað raforkuverð varðar í framtíðinni.” Þá segir enn fremur: “Því er afar mikilvægt að virk endurskoðunarákvæði séu í lögnum þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana ef í ljós kemur að kerfisbreytingarnar leiði til hækkaðs raforkuverðs.”

Ekki verður annað séð en að þessi gagnrýni standi óhöggud, nú þegar annað breytingafrumvarp á gildandi raforkulögum er lagt fyrir.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein fyrirleggjandi frumvarps er lagt til að stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækis þess sem ráðherra veitir rekstrarleyfi skv. 1. mgr skuli hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, eins og verið hefur. BSRB vill benda á að slík niðurstaða er rökrétt ef farið er að tillögu BSRB og ASÍ um að flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila. Í tilvísari umsögn, sem hér er áréttuð, segir: “Flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunngerð og þjóna almenningi og fyrirtækjum sem þjónustuaðili og er auk þess með einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þess og arðsemiskröfur verði sett undir markaðlegar forsendur um skammtímahagnað. Tryggja verður að bæði neytendur og orkuframleiðendur hafi opinn aðgang að öllum upplýsingum varðandi flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess.”

Til vara vill BSRB taka efnislega undir breytingatillögu Steingríms J. Sigfússonar, VG, á 130. lögjafarþingi 2003 – 2004, þskj. – 737. mál, um stofnun Landsnets hf, en þar segir í fyrstu grein: “Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun sameignarfélags í eigu ríkis og

sveitarfélaga er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003.” Enda tryggi það frumvarp þau markmið sem fram koma í tilvitnaðri umsögn BSRB og ASÍ að flutningsfyrirtækið verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, að rekstur þess og arðsemiskröfur verði ekki sett undir markaðslegar forsendur um skammtímahagnað og að neytendum og orkuframleiðendum verði tryggður opinn aðgangur um flutningsfyrirtækið og rekstur þess.

BSRB telur að skoða þurfi réttarstöðu starfsmanna orkufyrirtækja nánar en færi hefur gefist á, áður en þess lög fá afgreiðlu á alþingi.

Um 2. gr.

Lagt er til að miða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna við verð fastafjármuna “sem nauðsynlegir eru til reksturs kerfisins”. BSRB telur þetta skref í rétta átt, svo fremi sem þetta þýði ekki að annar rekstur sem flutningsfyrirtækið kann að taka upp, svo sem sölustarfsemi eða önnur markaðsstarfsemi, sé án nokkurra hamla varðandi arðsemi. Skilgreiningar þurfa því að vera skýrari en fram kemur í frumvarpinu. BSRB leggur til að miða skuli við að gjaldskrár ásamt öðrum tekjum standi undir rekstri kerfisins, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun og er hér tekið mið af nýframkomnu frumvarpi um vatnsveitur sveitarfélaga. Ef gera á arðsemiskröfu til fyrirtækja í raforkuiðnaði þá verður sú arðsemiskarfa hins vegar að vera hófleg og taka mið af því að hér er um samfélagslegar fjárfestingar að ræða. Við teljum því að eðlilegt arðsemiskrafa sé að hámarki á bilinu (arðsemi af eigin fé) 2-3%.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu um 2.gr. að “Orkustofnun hefur heimild í 2. mgr. 26.gr. raforkulaga til að breyta gjaldskrár til að stöðva of háa gjaldtöku, en heimildin nær ekki til þess að ná með lækkun gjaldskrár til baka ofteknun gjöldum aftur í tímann.” Leggur BSRB til að Orkustofnun verði veitt slík heimild, enda brýnt, sérstaklega nú í upphafi gildistíma nýrra laga, að orkufyrirtæki geti ekki hækkað verðskrár sínar og náð þannig inn óeðlilegum tekjum sem ekki verða endurheimtar til neytenda. Nauðsynlegt er að hægt verði að skoða og leiðrétta tekjur til hækkunar og lækkunar, ef þær eru utan settra tekjumarka.

Um 3.gr.

Ekki verður betur séð en að tilvísun í b. lið til 3. mgr. sé röng. Ef svo er þarfnast það leiðréttingar.

BSRB fagnar að fastar skuli kveðið að orði um að tekjumörk skuli endurskoðuð árlega.

Í tengslum við c.lið 3. gr. er ennfremur rétt að að benda á að í fyrstu málsgrein 12 gr. er tekið fram að það skuli koma stórnotendum til góða við setningu tekjumarka, ef tenging við þá leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Það er ekkert tekið fram um að þeir þurfi að greiða aukalega, ef tenging við þá er úr alfaraleið eða af öðrum sökum leiði af sér óhagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Hins vegar virðist talið sjálfsagt að láta jaðarbyggðir borga meira,

sökum óhagkvæmni. Hér er um mismunun að ræða og leggur því BSRB til, að ef tenging við stórnotendur teljist óhagkvæm uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins, að þá beri stórnotendur a.m.k. hluta þess umframkostnaðar sem af því hlýst.

Um 4. gr.

Um 5. gr.

Í athugasemdum við 5. gr. kemur fram að gloppa er á ákveðnu tímabili, frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007, þar sem hvorki mun ríkja samkeppni raforkuseljenda til almennra notenda né eftirlit með gjaldtöku fyrir raforkusölu. BSRB telur að ákvæði 5. gr. um að þess skuli gætt að orkuverð hækki ekki óeðlilega á tímabilinu, sé of veikt og óljóst. Hér er um að ræða tíma þar sem ný lög sem gjörbreyta öllu umhverfi raforkuframleiðslu og sölu eru rétt að taka gildi, með meira eða minna ófyrirséðum afleiðingum eins og þegar hefur verið bent á. BSRB telur því nauðsyn á að Orkustofnun haldi rétti sínum til að staðfesta hækkanir á gjaldskrá dreifiveitna, a.m.k. fram til 1. janúar 2007. Enn fremur telur BSRB að skýrar þurfi að áréttta heimild ráðherra til að setja í reglugerð ákvæði um hámarksverð fyrir orkuna.

Um 6. gr.

Um 7. gr.

BSRB telur, í ljósi þeirra miklu kerfisbreytinga sem hér eiga sér stað, að rétt sé að tekjumörk verði aðeins sett til eins árs í senn, fyrstu þrjú árin eftir að lögin taka gildi. Að þeim tíma liðnum skuli metið til hversu langs tíma í senn sett tekjumörk skuli gilda.

8. gr.

BSBR vill að endingu ítreka þá megingagnrýni sem samtökin hafa sett fram varðandi ný raforkulög.

F.h. BSRB

Páll H. Hannesson



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 131/535
komudagur 7.12.2004

Dagsetning 6. desember 2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til raforkulaga, 328. mál, gjaldskrár, tekjumörk o. fl. Frumvarpið er breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum. Tekið skal fram að stofnunin hafði einungis tvo vinnudaga til að vinna umsögn um frumvarpið.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Samkvæmt **2. grein** frumvarpsins er m. a. lagt til að allar virkjanir búi við sömu meginreglur, að þær greiði innmötunargjald til flutningsfyrirtækisins en viðkomandi dreifiveita sjái um innheimtu þess. Á hinn bóginn er lagt til að kveðið verði á um skyldu flutningsfyrirtækisins til að greiða viðkomandi dreifiveitu fyrir þjónustu sem hún veitir við að annast tengsl virkjunarinnar við flutningskerfið.

Þessi breyting getur haft áhrif á afkomu smávirkjana sem eru reistar nærri notkunarstað orkunnar. Brýnt er að gætt verði að þessu einkum varðandi þær smávirkjanir sem samið hafa beint við dreifiveitur.

Þegar raforkulög voru sett lagði Bygðastofnun áherslu á að kostnaður við flutning og dreifingu raforku yrði jafnaður og að gætt yrði hagsmuna dreifibýlla svæða við endurskoðun raforkulaga. Íbúar þessara svæða verða væntanlega í mörgum tilvikum í þeim hópi sem í lögnum eru nefndir bundnir kaupendur, þ.e. eiga ekki kost á að velja sér raforkusala sbr. **5. grein** laganna. Bygðastofnun telur brýnt að hagsmunir svokallaðra bundinna kaupenda verði tryggðir m. a. við setningu reglugerðar. Stofnunin telur einnig brýnt að gætt verði að samkeppnisskilyrðum fiskeldis, fiskvinnslu og garðyrkju, en raforkukostnaður skiptir þessar atvinnugreinar verulegu máli. Þá vill stofnunin leggja áherslu á að mikilvægt er að virkt eftirlit verði með framkvæmd raforkulaga.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðinguri á próunarsviði
Bygðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 131/S04
komudagur 6.12.2004

Iðnaðarnefnd
Alþings
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2004
SP/hó

Efni: Frumvarp til raforkulaga, 328. mál, gjaldskrár, tekjumörk o.fl.
Tilv:2004120001

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis dags. 30. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Bændasamtök Íslands hafa ekki aðstöðu til að leggja mat á alla þætti frumvarpsins en virðist breytingarnar skynsamlegar. Samtökin hafa sérstakan áhuga á, að smávirkjunum hjá bændum sé búinn hagstæður lagarammi. Það er skilningur okkar, að breytingin sem felst í c-lið 3. greinar frumvarpsins sé hagstæð smávirkjunum, sem hagkvæmt er að tengja flutningskerfi raforku með því að þær eiga nú að njóta þess hagræðis sem leiðir af tengingu þeirra, en svo er ekki í gildandi lögum, ef virkjunin er undir 7 MW. Bændasamtökin beina því til nefndarinnar að hafa samráð við Landssamband raforkubænda hvað þessa þætti varðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson
Sign.

Þrjár greinar þessa frumvarps snerta afkomu minni raforkuframleiðendur.

1. 2. gr. c liður “Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi ...” o.s.frv.
2. 2. gr. e liður “Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana” o.s.frv.
3. 3. gr. c liður “Dreifiveita skal láta virkjun sem tengist veitusvæði hennar beint og leiðir til minni tapa en ella væri eða er á annan hátt hagstæð fyrir dreifikerfið njóta þess hagræðis.

Raforkuframleiðendur

Um fyrstu greinina af þessum þremur er það að segja að ~~það~~ er sammála þeim mönnum innan orkugeirans og utan, sem telja það ekki raunhæft að taka sama gjald til flutningakerfisins af allri framleiðslu. Virkjun getur verið hagstæð flutningskerfinu ekki síður en viðkomandi dreifiveitu, t.d. komið í veg fyrir annars nauðsynlega styrkingu á línun til dreifiveitu. Eins hljóta að koma fram töp á aðal flutningskerfinu og því meiri sem lengra er frá orkugjafa til dreifiveitu.

Önnur greinin virðist m.a. eiga við þar sem tenging virkjunar við flutningskerfið reynist kostnaðarsöm t.d. vegna fjarlægðar virkjunar frá línu eða viðkomandi lína sé mjög háspennt og því dýrt að tengjast henni.

Eðlilegt er að viðurkenna að þessi atriði hafa áhrif á hagkvæmni virkjunar fyrir heildina og að tekið sé tillit til þess að einhverju marki ef sá kostnaður er verulegur.

Þriðja greinin fjallar um sérstaka greiðslu dreifiveitu til virkjana sem teljast henni hagstæðar á sínu svæði s.s. vegna minnkaðra tapa í hennar flutningskerfi.

Hvað þýðir t.d. “eða er á annan hátt hagstæð fyrir dreifikerfið”. Á að meta verðmæti þess þegar aðflutningslína bilar og viðkomandi smávirikjun skilar ódýrri orku í stað orku frá varaafli, en verðmunur þar á er talinn um 20 kr. á kw/st.

Á að meta með jákvæðari hætti en hingað til að orka sem smávirikjun framleiðir umfram aflgald gerir það í mörgum tilfellum að meiri vatnssöfnun á sér stað í miðlunarlónum en ella. Eða verður það áfram að einungis sé sektað fyrir skortorku, þ.e. ef ekki næst einhverjar klst. eða dægur að framleiða viðmiðað markafli sem aflgjaldið miðast við.

Þess verður að vænta að þessir þættir verði rétt reiknaðir og með sanngjörnum hætti í hverju tilviki, en óbætt er sú hagræðing flutningsfyrirtækisins sem fram kann að koma í ýmsum tilfellum og bent er á hér að framan.

Að lokum.

Óneitanlega verður íslenskum raforkubændum hugsað til þess hvert brautargengi litlar rafstöðvar sem byggja á endurnýjanlegri orku fá hjá grannþjóðum og hvert stefnir þar t.d. með útgáfu grænna korta sem söluvöru til þeirra sem mest menga.

Sömuleiðis verður að vænta þess að stjórnmalámennt reyni að horfa á hagkvæmni þessara virkjana í byggðarlegu tilliti t.d. með því að sjá til þess að Byggðastofnun láni til þeirra á hagkvæmari kjörum en nú og án þess að veð sé tekið í fleiri eignum en viðkomandi virkjunum eins og nú gildir.

Fundur með iðnaðarnefnd Alþingis 06.12.2004


Skoða ber þennan þátt svo að eðlileg samkeppni ríki gagnvart lánamarkaði.
Uppáskrift ríkisins t.d. sem ábyrgðaraðili lána fyrir Landsvirkjun vegur þungt.
Þar hefur líka skipt máli til mismununar að Landsvirkjun og fleiri orkuveitur eru
undanþegin stimpilgjöldum af lánum.

Lagt fram fyrir hönd Félags raforkubænda.

Birtur Friðriksson
Ólafur Eggertsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/507
komudagur 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF.

NIJARDVÍK,

6. des. 2004

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Athugasemdir Hitaveitu Suðurnesja hf (HS hf) snúa að atriðum sem eru í frumvarpinu en einnig og ekki síður að atriðum sem ekki er þar að finna en fyrirtækið telur mjög brýnt að Alþingi taki á þeim atriðum í þessari endurskoðun laganna.

1.

Með 1. gr. er verið að tryggja að réttarstaða starfsmanna flutningsfyrirtækisins breytist ekki frá því er þeir voru beinlínis starfsmenn Landsvirkjunar og við það eru í sjálfu sér ekki gerðar athugasemdir. Það hlýtur hinsvegar að vera álitæfni fyrir Alþingi hvort með lögum eigi að ákvarða mismunandi réttarstöðu starfsmanna raforkuframleiðenda í meintu samkeppnisumhverfi.

2.

Varðandi 2. gr. c og d lið og 3. gr c lið. Ekki er gerð athugasemd við að gjaldtaka flutningsfyrirtækisins verði af úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi, ásamt þeirri framleiðslu sem er innan dreifisvæðisins. Þegar flutningsfyrirtækið á hinsvegar að greiða dreifiveitum hluta teknanna til baka háð aðstæðum, þá er verið að mismuna dreifiveitum. Orkan getur verið seld til annars dreifiveitusvæðis, sem þarf þá að greiða fullt útmötunargjald inn á sitt dreifiveitusvæði, meðan sú dreifiveita sem tengir virkjunina á að fá tekjur af samningi, sem hún er nánast ekki aðild að. Ef virkjun er þannig í sveit sett, að hún veldur lækkun tapa í dreifikerfi dreifiveitu, mun sú veita njóta þess, þannig að tekjurammi hennar mun lækka sem því nemur. Ef hið gagnstæða gerist skal taka á því í tengisamningi dreifiveitunnar og virkjunarinnar. Þetta

er sú aðferðafræði sem beitt er við tengingu stærri virkjanna við flutningskerfið og ekki ástæða til að mismuna aðilum.

HS hf leggur áherslu á að innmötunargjaldi verði skipt á milli dreifiveitu og virkjunar í samræmi við tilkostnaði við tengingu við dreifikerfið og gæti þetta gjald orðið neikvætt fyrir virkjun með sama hætti og hjá öðrum virkjunum.

Þegar virkjun tengist flutningskerfi beint, þá er ekkert tekið á því hvort hún liggi vel fyrir flutningskerfið. Ef t.d. er byggð virkjun á suðvesturhorninu, sem minnar flutning inn á það svæði, þá nýtur hún þess ekki í lægri gjöldum, heldur aðeins ef tenging hennar reynist hagkvæm og þá í sérstöku tengigjaldi.

3.

Varðandi 5. gr. Hér er verið að taka á því tímabili sem viðskiptavinir með minna en 100 kW notkun eru bundnir viðskiptum við sínar veitur og geta ekki skipt um söluaðila. Ekkert er í raun óeðlilegt við það að haft sé eftirlit með orkuverði þessara aðila. Landsvirkjun orkuvið hefur nú birt söluaðilum gjaldskrá fyrir kaup á orku frá fyrirtækinu. Þar er boðið upp á nokkra mismunandi samninga um orkukaup, frá einu ári upp í tólf ára samninga og fer verðið lækkandi eftir lengd samninga. Nú háttar þannig til, að ef ekki er keyptur stærstur hluti orkumagnsins sem veitan þarf að afla sér á 12 ára samningi, þá mun orkuverð til veitnanna hækka all nokkuð. Að mati HS hf þarf því Alþingi að setja Landsvirkjum orkusviði þau skilyrði, sem markaðsráðandi aðila, að selja þeim orkufyrirtækjum sem stunda smásöluviðskipti rafmagn á óbreyttu verði með tveggja ára samningi, meðan verið er að opna markaðinn. Að þessum skilyrðum uppfylltum geta dreifiveitur uppfyllt skilyrði um að heildsöluverð raforku leiði ekki til breytinga á orkuverði. Ef ekki á að uppfylla þetta er ekki hægt að halda orkuverði óbreyttu, nema binda það í allt að tólf ár, þar sem Landsvirkjun hefur þá þvingað fyrirtækin til svo langra orkuviðskipta í ljósi stöðu sinnar.

4.

Með breytingum á raforkulögum nr. 65 frá 2003 sem samþykktar voru 28. maí 2004 var í 17. gr. bráðabirgðaákvæði nr. XI sem fjallaði um skipun samninganefndar um mat á verðmæti flutningsvirkja. Það er eindregin skoðun HS hf að niðurstöður þessarar nefndar brjóti lög um eðlilegar bætur þegar um eignarnám er að ræða og sömuleiðis allar jafnræðisreglur. Meðfylgjandi er lögfræðiálit Logos vegna þessa máls og beinir HS hf þeim eindregnu tilmælum til iðnaðarnefndar, að hún grípi

til nauðsynlegra ráðstafana þannig að ekki komi til þess að leita þarf úrlausnar almennra dómstóla varðandi þetta mál. Það atriði sem málið snýst aðallega um er meðhöndlun afskrifta, en af því leiðir að verðmæti samskonar eigna er mismunandi eftir fyrirtækjum. Eignir HS hf hefðu verið metnar um 100 m.kr. hærra hefðu þær verið í eigu Landsvirkjunar ! Í því sambandi er vitnað í eftirfarandi tilvitnun úr álitum Logos:

[Þetta sjónarmið kemur skýrt fram í svonefndu “minnisblaði um afskriftir”, sem er fylgiskjal 8 við samkomulagið frá 4. ágúst 2004 og unnið af tveimur nefndarmönnum ásamt þriðja manni. Þar segir að töluverður munur sé á milli eigenda flutningsvirkja hvað varðar bókfærðar afskriftir. Háspennulína sem reist sé, t.d árið 1990 af Hitaveitu Suðurnesja er afskrifuð um 50% nú, 47% hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur, 48% hjá Orkuveitu Vestfjarða en einungis um 37% hjá Landsvirkjun.]

5.

Í 18. gr. laganna frá í vor (viðauka) eru taldir upp 55. afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfinu. HS hf hefur gert athugasemdir við það augljósa stílbrot sem er í upptalningunni að Öldugata í Hafnarfirði, sem tengd er með 130 kV frá Hamranesi skuli ekki vera í upptalningunni og þá í stað Hamraness. Frá Hamranesi liggja 4 línur þ.e. til Suðurnesja, til Hnoðrahólts við Reykjavík, að álverinu í Straumsvík og að Öldugötu. Allar línurnar nema að Öldugötu eru teknar inn í flutningskerfið og eina afhendingin í Hamranesi þá á línuna til Öldugötu. Þetta er eins og áður sagði algjört stílbrot og í raun viðurkennt af öllum sem að þessum málum hafa komið. Þannig undirritaði iðnaðarráðherra yfirlýsingu (sjá meðf.) þar sem lofað er að á málinu verði tekið við endurskoðun laganna og þar sem til þess kemur nú, fyrr en ráð var fyrir gert, gerir HS hf þá kröfu að þetta verði lagfært nú í þessari endurskoðun laganna.

6.

Að lokum er gerð sú almenna athugasemd við alla þessa lagasetningu að tímarammi sem fyrirtækin fá til breytinganna er allt of þröngur. Enn liggur ekki fyrir endanlegur tekjurammi dreifiveitu, gjaldskrá Landsnets heita ennþá drög og mörg önnur nauðsynleg atriði eru enn óljós.

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf



Júlíus Jónsson
forstjóri

Reykjavík, 19. október 2004

Hitaveita Suðurnesja hf.
b.t. hr. Júlíusar Jónssonar, forstjóra
Brekustíg 36
260 Reykjanesbæ

Álitsgerð

Efni: Skýring og túlkun ákvæða raforkulaga nr. 65/2003 um eignatilfærslu flutningsvirkja fyrir raforku

1.0 Inngangur

Í eftirfarandi álitsgerð verður farið yfir fyrirkomulag raforkulaga nr. 65/2003 hvað varðar flutningskerfið og þeirra breytinga sem urðu á lögnum með lögum nr. 89/2004. Viðfangsefnið er afmarkað með það fyrir augum að kanna áhrif þessa á eignarrétt eigenda flutningsvirkja, í þessu tilfalli Hitaveitu Suðurnesja.

2.0 Nýtt fyrirkomulag

Hugtökin *vinnsla*, *flutningur*, *dreifing* og *sala* eru lykilhugtök í nýju fyrirkomulagi raforkumála sem kynnt var til sögunnar með frumvarpi til raforkulaga sem lagt var fyrir 128. löggjafarþing Alþingis (2002-2003) og varð að lögum nr. 65/2003 27. mars 2003.

Í frumvarpinu kemur fram að ný viðhorf í raforkumálum hafi verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Meginefni þeirra felist í því að skilja í sundur náttúrulega einkasölupætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnsla og sölu). Fram kemur að frumvarpið byggir á því að öll vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku verði rekin á einkaréttarlegum grundvelli. Vinnsla og sala á raforku verði rekin á samkeppnisgrundvelli í markaðskerfi með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Starfsemi þeirra fyrirtækja sem annast munu flutning og dreifingu verði hins vegar byggð á sérleyfi enda um náttúrulega einokun að ræða.

Aðalákvæðið um flutningskerfið var í 8. gr. frumvarpsins sem síðar varð að lögum nr. 65/2003 (áherslur LOGOS):

8. gr. Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.

Ráðherra skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis um rekstur flutningskerfisins meðal þeirra sem eiga flutningsvirki hér á landi við gildistöku laganna. Náist að stofna slíkt fyrirtæki gerir ráðherra samning við fyrirtækið um þau atriði sem greinir í 1. mgr. og tilnefnir það síðan sem flutningsfyrirtækið. Heimilt er að tímabínda slíkan samning.

Takist ekki að stofna fyrirtæki skv. 2. mgr. skal stofna fyrirtæki í eigu ríkisins til að annast rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Eigendur

Árni Vilhjálmsson hrl. • Einar Baldvin Axelsson hrl. • Erlendur Gíslason hrl. • Gunnar Sturluson hrl. • Hákon Árnason hrl. • Helga Melkorka Öttarsdóttir hdl.
Jakob R.Möller hrl. • Óthar Örn Petersen hrl. • Óttar Pálsson hdl. • Pétur Guðmundarson hrl. • Ragnar Tómas Árnason hdl.

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

Í frumvarpinu kemur fram að þó að lagt sé til að stofnað verði sérstakt flutningsfyrirtæki með lagaboði sé æskilegra að þróunin verði sú að eitt fyrirtæki bæði eigi og reki allt flutningskerfið. Sé það í ljósi þeirra almannahagsmuna sem liggja í öruggum flutningum og öruggri stjórn kerfisins. Einnig kemur fram að ekki sé skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó að það sé æskilegast. Náist ekki að stofna slíkt fyrirtæki með samkomulagi sé gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki til að annast þessa starfsemi. Lagt er til að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir stofnun fyrirtækis um flutningskerfið, en ekki verði um þvingaða eignaraðild eigenda flutningsvirkja. Eigendur flutningslína verði að veita flutningsfyrirtækinu afnot af þeim gegn endurgjaldi og einungis fyrirtækið geti byggt nýtt flutningsvirki.

Einnig kemur fram í frumvarpinu að undanfarið ár hafi verið starfandi vinnuhópur sem í voru fulltrúar þeirra orkufyrirtækja sem eiga flutningsmannvirki. Hlutverk hópsins var að kanna hvort og með hvaða hætti fyrirtæki vildu stofna sameiginlega fyrirtæki um raforkuflutning. Hins vegar kemur fram að ekki hafi nást nægileg samstaða í hópnum um atriði er varðaði stofnun sameiginlegs fyrirtækis um raforkuflutning og því ákveðið að ákvæði frumvarpsins um flutning raforku tækju ekki gildi fyrr en 1. júlí 2004. Þangað til yrði skipuð nefnd sem ætti að koma með tillögur fyrir 31. desember 2003 í formi lagafrumvarps.

Afrakstur vinnu þeirrar nefndar voru tillögur til breytinga á ákvæðum III. kafla laga nr. 65/2003, sem lagðar voru fram í frumvarpi til breytinga á þeim lögum á 130. löggjafarþingi Alþingis (2003-2004). Það frumvarp varð síðar að lögum nr. 89/2004, til breytingar á lögum nr. 65/2003.

Meginatriði frumvarpsins vörðuðu breytingu á skilgreiningu á flutningakerfinu, ákvæði um stofnun flutningsfyrirtækisins og um hvernig mat á eignum flutningsfyrirtækja skyldi fara fram.

-Flutningskerfið var skilgreint upp á nýtt (þrengri skilgreining) og skilgreint svo (6. tl. 3. gr. l. 65/2003):

Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með lögum þessum. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.

-Ákvæðum 8. gr. var breytt þannig að tvær málsgreinar komu í stað 1. mgr. Gert er ráð fyrir að stofnað sé hlutafélag, sem fyrst væri í eigu ríkisins (1. og 2. mgr. 8. gr. l. 65/2003):

Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera hlutafélag. Ráðherra veitir flutningsfyrirtækinu rekstrarleyfi þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur þess. Heimilt er að kveða á um að leyfið skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum þess breyst verulega.

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

Í frumvarpinu kemur fram að þó að iagt sé til að stofnað verði sérstakt flutningsfyrirtæki með lagaboði sé æskilegra að þróunin verði sú að eitt fyrirtæki bæði eigi og reki allt flutningskerfið. Sé það í ljósi þeirra almannahagsmuna sem liggja í öruggum flutningum og öruggri stjórn kerfisins. Einnig kemur fram að ekki sé skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó að það sé æskilegast. Náist ekki að stofna slíkt fyrirtæki með samkomulagi sé gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki til að annast þessa starfsemi. Lagt er til að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir stofnun fyrirtækis um flutningskerfið, en ekki verði um þvingaða eignaraðild eigenda flutningsvirkja. Eigendur flutningslína verði að veita flutningsfyrirtækinu afnot af þeim gegn endurgjaldi og einungis fyrirtækið geti byggt nýtt flutningsvirki.

Einnig kemur fram í frumvarpinu að undanfarið ár hafi verið starfandi vinnuhópur sem í voru fulltrúar þeirra orkufyrirtækja sem eiga flutningsmannvirki. Hlutverk hópsins var að kanna hvort og með hvaða hætti fyrirtæki vildu stofna sameiginlega fyrirtæki um raforkuflutning. Hins vegar kemur fram að ekki hafi nást nægileg samstaða í hópnum um atriði er varðaði stofnun sameiginlegs fyrirtækis um raforkuflutning og því ákveðið að ákvæði frumvarpsins um flutning raforku tækju ekki gildi fyrr en 1. júlí 2004. Þangað til yrði skipuð nefnd sem ætti að koma með tillögur fyrir 31. desember 2003 í formi lagafrumvarps.

Afrakstur vinnu þeirrar nefndar voru tillögur til breytinga á ákvæðum III. kafla laga nr. 65/2003, sem lagðar voru fram í frumvarpi til breytinga á þeim lögum á 130. löggjafarþingi Alþingis (2003-2004). Það frumvarp varð síðar að lögum nr. 89/2004, til breytingar á lögum nr. 65/2003.

Meginatriði frumvarpsins vörðuðu breytingu á skilgreiningu á flutningakerfinu, ákvæði um stofnun flutningsfyrirtækisins og um hvernig mat á eignum flutningsfyrirtækja skyldi fara fram.

-Flutningskerfið var skilgreint upp á nýtt (þrengri skilgreining) og skilgreint svo (6. tl. 3. gr. I. 65/2003):

Rafínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með lögum þessum. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.

-Ákvæðum 8. gr. var breytt þannig að tvær málsgreinar komu í stað 1. mgr. Gert er ráð fyrir að stofnað sé hlutafélag, sem fyrst væri í eigu ríkisins (1. og 2. mgr. 8. gr. I. 65/2003):

Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera hlutafélag. Ráðherra veitir flutningsfyrirtækinu rekstrarleyfi þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur þess. Heimilt er að kveða á um að leyfið skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum þess breyst verulega.

Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir.

-Ný ákvæði komu inn í 10. gr. hvað varðar hvort og hvernig eigendur flutningsvirkja leggi eignir sínar til flutningsfyrirtækisins (1. og 2. mgr. 10. gr. l. 65/2003):

Eigendum flutningsvirkja sem falla undir 6. tölul. 3. gr. er skylt að selja eða leigja þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

Eigendur flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu geta ávallt óskað eftir því að flutningsfyrirtækið kaupi flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. eða að þau verði lögð fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

-Nýtt bráðabirgðaákvæði um það hvernig mat á verðmætum flutningsvirkja skyldi fara fram (Ákvæði XI.) (áhersiur LOGOS):

XI. Mat á verðmæti flutningsvirkja.

Eigendur þeirra flutningsvirkja sem mynda flutningskerfið skv. 6. tölul. 3. gr. laga þessara skulu koma sér saman um mat á verðmæti þeirra. Stefnt skal að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta, svo sem sérstakra framlaga sem veitt hafa verið úr opinberum sjóðum til fjárfestingar í uppbyggingu raforkukerfisins. Í þessu skyni skal ráðherra skipa samninganefnd sem í eiga sæti þrjár fulltrúar skipaðir án tilnefningar, þar af skal einn vera formaður, tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Reykjavíkurborg, einn af Akureyrarbæ og einn af eigendum Hitaveitu Suðurnesja hf. Orkustofnun skal vera nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar. Samninganefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en 1. ágúst 2004. Útlagður kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en eigendur skulu bera kostnað af störfum fulltrúa sinna.

Ef ekki næst samkomulag í samninganefnd skv. 1. mgr. um verðmat einstakra flutningsvirkja skal ráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem meta skal verðmæti þeirra að kröfu eiganda viðkomandi flutningsvirkis

Í matsnefndina skal skipa einn lögfræðing, sem verður formaður nefndarinnar, einn endurskoðanda og einn verkfræðing. Um hæfi matsmanna til meðferðar einstakra mála skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.

Við mat á verðmæti flutningsvirkja skal matsnefndin miða við endurstofnverð að teknu tilliti til afskrifta. Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, skulu gilda um störf matsnefndarinnar eftir því sem við á, að frátöldum 2. mgr. 2. gr., 7. gr., 11. gr. og 15. gr.

Matsnefndin getur leitað umsagnar Orkustofnunar um það sem þurfa þykir. Kostnaður af störfum matsnefndarinnar skal greiðast af flutningsfyrirtækinu.

Úrskurður matsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 15. október 2004.

Ágreiningur um verðmæti flutningsvirkja sem seld verða flutningsfyrirtækinu eða lögð inn í það sem hlutafé verður ekki borinn undir dómstóla fyrr en að gengnum úrskurði matsnefndar.

Verði niðurstaða matsnefndar borin undir dómstóla skal flutningsfyrirtækið greiða eiganda flutningsvirkja leigu fyrir þau á grundvelli leigufjárhæðar sem Orkustofnun ákveður til bráðabirgða með hliðsjón af niðurstöðu matsnefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir skal eigandi þeirra tilkynna flutningsfyrirtækinu og Orkustofnun hvort hann velur að leggja virkin inn í flutningsfyrirtækið sem hlutafé, selja þau fyrirtækinu eða leigja þau til þess. Velji eigandi flutningsvirkja að leigja þau flutningsfyrirtækinu ákveður Orkustofnun leigugjaldið með hliðsjón af endanlegri niðurstöðu um verðmæti þeirra.

3.0 Tilskípun 96/92/EB um innri markað raforku

Eitt af meginmarkmiðum tilskipunarinnar var að gera raforkugeirann að hluta innri markaðar Evrópusambandsins. Einnig var það markmið hennar að tryggja öryggi í afhendingu raforku, auka samkeppni í framleiðslu hennar og gera raforkufyrirtækjum kleift að eiga viðskipti milli Evrópusambandsríkjanna.

Tilskipunin varð hluti af EES samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999, frá 26. nóvember 1999.

Í tilskipuninni er greint á milli ákveðinna þátta í starfsemi raforkufyrirtækja. Þannig eiga ólíkar reglur við um vinnslu, flutning og dreifingu raforku. IV. kafli tilskipunarinnar fjallar um flutning, þar með talin ákvæði um sjálfstæði flutningakerfisins, en gert er ráð fyrir að flutningastarfsemi sé rekin óháð öðrum þáttum raforkustarfsemi og bókhald skuli aðskilið fyrir hvern þátt fyrir sig.

Þær kröfur sem tilskipunin gerir til sjálfstæðis meginflutningakerfis raforku eru tvíþættar. Mælt er fyrir um að einn aðili skuli vera ábyrgur fyrir flutningakerfinu á ákveðnu svæði og eru gerðar ákveðnar kröfur til sjálfstæðis hans. Hann skal sjá um rekstur, viðhald og tengsl við önnur flutningskerfi með það að leiðarljósi að tryggja öryggi í afhendingu raforku (1. mgr. 7. gr.) Einnig skal aðillinn vera stjórnunarlega sjálfstæður (6. mgr. 7. gr.). Í VI. kafla tilskipunarinnar eru svo ákvæði um aðskilið bókhald og skuli raforkufyrirtæki halda bókhaldi hvers þáttar, vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, aðskildu.

Það skal bent á sérstaklega að tilskipunin gerir engar kröfur um ákveðna eignaraðild eða stofnun sjálfstæðs fyrirtækis fyrir flutningskerfið. Fallið var frá kröfum um að meginflutningskerfið væri rekið sem sjálfstæð löggjafarstærð, sem fram komu í upphaflegu frumvarpi til tilskipunarinnar. Tilskipunin felur þannig í sér rammaákvæði, en lætur aðildarríkjunum eftir hversu ríkar kröfur eru gerðar, en þó innan ramma tilskipunarinnar. Í því samhengi er vísað til hinnar svonefndu nálagðarreglu (e. *the principle of subsidiarity*). Það kemur hins vegar fram í frumvarpi með lögum nr. 65/2003 að í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafi verið stofnuð sérstök fyrirtæki um flutningskerfið.

Ný tilskipun nr. 2003/54/EB um innri markað raforku var sett 26. júní 2003. Sú tilskipun hefur í för með sér ýmsar nýjungar og ákvæði til fyllingar þeim ramma sem settur var með tilskipun nr. 96/92/EB, sem jafnframt er felld úr gildi með hinni nýju tilskipun. Tilskipunin tók gildi innan Evrópusambandsins þann 1. júlí 2004. Hún hefur enn ekki verið tekin upp í EES samninginn, en búast má við því að það verði innan skamms.

Í aðfararorðum tilskipunarinnar kemur fram að til þess að tryggja virkan og jafnan aðgang að netinu sé það viðeigandi að dreifingar og flutningskerfi séu rekin á grundvelli lagalega aðskilinna fyrirtækja í því umhverfi þar sem um lóðrétt fyrirtæki (fyrirtæki sem einnig eru í annarri raforkustarfsemi) starfa. Einnig að sá sem sé ábyrgur fyrir flutnings- eða dreifingarkerfinu hafi virkan ákvörðunarrétt hvað varðar þær eignir sem nauðsynlegar séu til þess að viðhalda, starfrækja og þróa kerfin, þegar eignirnar sem um er að ræða eru í eigu og starfræktar af lóðrétt samþættum fyrirtækjum (e. *vertically integrated undertaking*). Ákvæði þessa efnis er því nú að finna í 10. gr. tilskipunarinnar. Það er hins vegar skýrt tekið fram að þessar reglur eigi ekki að leiða til skyldu til þess að skilja eignir í flutningskerfinu frá hinum lóðrétt samþættu fyrirtækjum.

Þannig hafa verið teknar inn kröfur um ríkara sjálfstæði flutningsfyrirtækja, sem hafði verið hafnað er tilskipun 96/92/EB var fyrst í mótun. Einnig hefur verið skerpt á reglum um stjórnunarlegt sjálfstæði, en miklar vangaveltur sköpuðust í kjölfar tilskipunar 96/92/EB um hvernig túlka ætti kröfur um stjórnunarlegt sjálfstæði.

Samantekið má segja að tilskipun 96/92/EB liggja að baki þeim breytingum sem orðið hafa á raforkumarkaðinum í Evrópu og standa fyrir dyrum hér á landi. Hins vegar gerir tilskipunin ekki kröfu um eignarupptöku eða eignayfirfærslu á þeim mannvirkjum sem nauðsynleg eru fyrir orkuflutningskerfi.

Tilskipunin varð hluti af EES samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999, frá 26. nóvember 1999.

Í tilskipuninni er greint á milli ákveðinna þátta í starfsemi raforkufyrirtækja. Þannig eiga ólíkar reglur við um vinnslu, flutning og dreifingu raforku. IV. kafli tilskipunarinnar fjallar um flutning, þar með talin ákvæði um sjálfstæði flutningakerfisins, en gert er ráð fyrir að flutningastarfsemi sé rekin óháð öðrum þáttum raforkustarfsemi og bókhald skuli aðskilið fyrir hvern þátt fyrir sig.

Þær kröfur sem tilskipunin gerir til sjálfstæðis meginflutningakerfis raforku eru tvíþættar. Mælt er fyrir um að einn aðili skuli vera ábyrgur fyrir flutningakerfinu á ákveðnu svæði og eru gerðar ákveðnar kröfur til sjálfstæðis hans. Hann skal sjá um rekstur, viðhald og tengsl við önnur flutningskerfi með það að leiðarljósi að tryggja öryggi í afhendingu raforku (1. mgr. 7. gr.) Einnig skal aðillinn vera stjórnunarlega sjálfstæður (6. mgr. 7. gr.). Í VI. kafla tilskipunarinnar eru svo ákvæði um aðskilið bókhald og skuli raforkufyrirtæki halda bókhaldi hvers þáttar, vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, aðskildu.

Það skal bent á sérstaklega að tilskipunin gerir engar kröfur um ákveðna eignaraðild eða stofnun sjálfstæðs fyrirtækis fyrir flutningskerfið. Fallið var frá kröfum um að meginflutningskerfið væri rekið sem sjálfstæð löggjafarstærð, sem fram komu í upphaflegu frumvarpi til tilskipunarinnar. Tilskipunin felur þannig í sér rammaákvæði, en lætur aðildarríkjunum eftir hversu ríkar kröfur eru gerðar, en þó innan ramma tilskipunarinnar. Í því samhengi er vísað til hinnar svonefndu nálægðarreglu (e. *the principle of subsidiarity*). Það kemur hins vegar fram í frumvarpi með lögum nr. 65/2003 að í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafi verið stofnuð sérstök fyrirtæki um flutningskerfið.

Ný tilskipun nr. 2003/54/EB um innri markað raforku var sett 26. júní 2003. Sú tilskipun hefur í för með sér ýmsar nýjungar og ákvæði til fyllingar þeim ramma sem settur var með tilskipun nr. 96/92/EB, sem jafnframt er felld úr gildi með hinni nýju tilskipun. Tilskipunin tók gildi innan Evrópusambandsins þann 1. júlí 2004. Hún hefur enn ekki verið tekin upp í EES samninginn, en búast má við því að það verði innan skamms.

Í aðfararorðum tilskipunarinnar kemur fram að til þess að tryggja virkan og jafnan aðgang að netinu sé það viðeigandi að dreifingar og flutningskerfi séu rekin á grundvelli lagalega aðskilinna fyrirtækja í því umhverfi þar sem um lóðrétt fyrirtæki (fyrirtæki sem einnig eru í annarri raforkustarfsemi) starfa. Einnig að sá sem sé ábyrgur fyrir flutnings- eða dreifingarkerfinu hafi virkan ákvörðunarrétt hvað varðar þær eignir sem nauðsynlegar séu til þess að viðhalda, starfrækja og þróa kerfið, þegar eignirnar sem um er að ræða eru í eigu og starfrækta af lóðrétt samþættum fyrirtækjum (e. *vertically integrated undertaking*). Ákvæði þessa efnis er því nú að finna í 10. gr. tilskipunarinnar. Það er hins vegar skýrt tekið fram að þessar reglur eigi ekki að leiða til skyldu til þess að skilja eignir í flutningskerfinu frá hinum lóðrétt samþættu fyrirtækjum.

Þannig hafa verið teknar inn kröfur um ríkara sjálfstæði flutningsfyrirtækja, sem hafði verið hafnað er tilskipun 96/92/EB var fyrst í mótun. Einnig hefur verið skerpt á reglum um stjórnunarlegt sjálfstæði, en miklar vangaveltur sköpuðust í kjölfar tilskipunar 96/92/EB um hvernig túlka ætti kröfur um stjórnunarlegt sjálfstæði.

Samantekið má segja að tilskipun 96/92/EB liggja að baki þeim breytingum sem orðið hafa á raforkumarkaðinum í Evrópu og standa fyrir dyrum hér á landi. Hins vegar gerir tilskipunin ekki kröfu um eignarupptöku eða eignayfirfærslu á þeim mannvirkjum sem nauðsynleg eru fyrir orkuflutningskerfi.

4.0 Er 10. gr. raforkulaga nr. 65/2003 eignarnámsákvæði?

4.1 Almennt

Í 72. gr. Stjórnarskrá Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, er eignarrétturinn lýstur friðhelgur. Fylgir þeirri fullyrðingu að enginn verði sviptur eign sinni nema fullt verð komi fyrir. Hvað geti talist til eignar skv. ákvæðinu er hins vegar matskennt og þarfnast skoðunar í hverju tilviki fyrir sig. Jafnframt er tekið fram, að lagafyrirmæli þurfi ef til eignarskerðingar eigi að koma, enda sé talið að almenningsþörf krefjist eignaupptökunnar.

Með lagafyrirmælum er átt við að stjórnarskrárgreinin sem slík er ekki ein og sér næg heimild til eignarnáms. Löggjafinn verði með öðrum orðum að setja lög sem heimila eða fyrirskipa eignarnám í einstökum tilvikum. Að frátöldum þessum skilyrðum geymir stjórnarskráin ekki frekari fyrirmæli um framkvæmd eignarnáms.

Þó hefur verið talið að löggjafinn hafi ekki fullkomlega frjálsar hendur með framkvæmdina. Þannig veitir orðalagið "fullt verð" tryggingu fyrir því að löggjöfin sem eignarnámsheimildin byggir á geti ekki gert bætur til eignarnámsþola ótryggar. Löggjafanum er því óheimilt að setja lagareglur sem fengju eignarnema sjálfðæmi um bætur eða skipun matsnefndar sem fæli í sér verulega hættu á hlutdrægri ákvörðun um bætur og ákveðin takmörk séu fyrir því hvaða kostnað af eignarnáminu verði lagður á eignarnámsþola.

Lagafyrirmælum um eignarnám má skipa í tvo flokka, annars vegar almenn lagafyrirmæli sem heimila eignarnám, en fela ákveðnum aðila að taka ákvörðun um hvenær því skuli beitt í hvert einstakt skipti, t.d. heimildir Vegagerðar ríkisins skv. vegalögum og heimildir sveitarstjórna skv. skipulags- og byggingarlögum en hinn flokkinn skipa lagafyrirmæli sem fyrirskipa ákveðið einstakt eignarnám og jafnvel nánari framkvæmd þess, sbr. 69/1969 um eignarnám hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni hf., sem skyldi taka gildi á miðnætti, þann 30. júní 1969.

Almennt er talið að skilyrðið um mat á því hvort almenningsþörf sé að ræða liggi hjá löggjafarvaldinu og verði ekki endurskoðað af dómsstólum. Ekki er því þörf á að ræða það atriði nánar.

Þriðja skilyrðið og það sem mest reynir á, er um að eignarnámsþola skuli greitt fullt verð fyrir þá eign sem tekin er eignarnámi. Í 1. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms segir að við ákvörðun bóta vegna eignarnáms, sem heimilað er í lögum, skuli gætt ákvæða laganna. Sama á við um bætur og annað endurgjald, sem lögum samkvæmt skal ákvarða í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms. Lögin fjalla fyrst og fremst um ákvörðun eignarnámsbóta, skipun matsnefndar ef til ágreinings kemur um bótafjárhæðina og hvernig nefndin eigi að starfa. Þó er einnig að finna í lögnum leiðbeiningarreglur um hversu víðtækt eignarnámið skuli vera og um vald dómstóla til þess að fjalla um lögmati eignarnáms.

Samkvæmt framansögðu er það meginregla að eignarnám sem heimilað er í lögum skuli fara eftir eignarnámslögnum. Hins vegar er ekki girt fyrir í lögnum að yngri lög setji aðrar reglur um eignarnámsframkvæmdina, en slík ákvæði skal þó túlka þröngt. Meginregla er þó að aðilar geta ákveðið bætur með samningi sín á milli og einungis ef náist ekki samkomulag um fjárhæð bótanna skal ákveða þær með eignarnámsmati. Eignarnámslögin miða fyrst og fremst við eignarnám fasteigna en er engu að síður beitt um eignarnám annarra verðmæta. Rétt er þó að geta þess að í lögnum eru engin bein ákvæði um fjárhæð eignarnámsbótanna heldur einungis hvernig meta skuli verðmætin.

Jafnan er gert ráð fyrir að eignarnemi eigi að hafa frumkvæði að því að eignarnámsbætur skuli metnar ef ekki næst samkomulag. Eignarnámsþoli á þó einnig rétt á að vísa ágreiningi til matsnefndar ef eignarnemi gerir það ekki.

Samkvæmt almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta teljast réttindi til hagnýtingar fjárhagsleg verðmæti, enda þótt aðeins sé til að dreifa fáum aðilum (eða jafnvel aðeins einum) er hafi áhuga og getu til að áfla sér og nota þær hagnýtingarheimildir sem um er að ræða.

Eignarnámsbætur miða þó eingöngu að því að bæta tjón eignarnámsþola en ekki auðgun eignarnema. Talið er að grundvöllur eignarnámsbóta geti einkum verið þrennskonar; söluverð, notagildi eða kostnaður af útvegum sambærilegrar eignar (enduröflunarkostnaður). Einfaldað má segja að söluverð sé miðað við almennt gangverð, notagildi við sannanlegan arð af eigninni og með enduröflun er einkum gert ráð fyrir kostnaði sem eignarþoli verður að leggja út til þess að fá aðra sambærilega eign. Verðmæti í einstökum tilvikum ræðst svo af ýmsum atriðum, en þó fyrst og fremst af legu við markaði, stærð markaðssvæðis og eftirspurn, kostnaði, svo og af því hvort möguleikar séu á nýtingu verðmætanna með ýmsu öðru móti en í þeim tilgangi sem eignarnámið beinist að. Þá er miðað við að eignarnámsbætur skuli miðaðar við það verðlag sem er hverju sinni þegar bætur eru ákvarðaðar.

Hreyft hefur verið við því sjónarmiði að ef eignarnám er mjög umfangsmikið, beinist t.d. að fjölda eigna af sama tagi, leyfist löggjafanum að setja reglur um hvernig standa skuli að mati, þótt þær reglur leiði til þess að einstakir eigendur fái ekki "fullt verð" fyrir eignir sínar. Sérstaklega eigi slík sjónarmið við ef tæknilega er erfitt að meta tjón eignarnámsþola í hverju einstöku tilviki. Þótt slík sjónarmið kunni að vera réttlætanagerleg í vissum tilvikum verður þó að telja að einstakir eignarnámsþolar verði ekki sviptir rétti sínum til þess að fá tjón sitt að fullu bætt, takist að sýna fram á veruleg frávik frá reglunni um fullar bætur.

4.2 Eignatilfærsla samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003

Við gildistöku 1. mgr. 10. gr. raforkulaga nr. 65/2003, eins og greininni var breytt með 6. gr. laga nr. 89/2004, var tekin ákvörðun um eignatilfærslu, þ.e. ákveðnar nánar skilgreindar eignir lögaðilla voru teknar með lagafyrirmælum af eigendum sínum og færðar öðru og óskyldu fyrirtæki til afnota. Augljóst er að þau fyrirtæki sem eiga flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. laganna er skylt að afsala sér eignum sínum til þriðja aðila og er athugunarefni hvort hér sé um að ræða eignatilfærslu sem jafnast getur við eignarnám. Við fyrstu sýn, sbr. ofangreinda skilgreiningu og umfjöllun um eignarnám, virðist svo vera.

Spurningar vakna hvort lagagreinin, og þá sérstaklega aðferðafræðin sem er viðhöfð, leiði ávallt til þess að um eiginlegt eignarnám sé að ræða, í þeim skilningi að sjónarmið um bætur skv. eignarnámlögunum eigi að gilda. Í fyrsta lagi er hvergi í lögunum eða lögskýringargögnum skýrlega orðað þannig að um eignarnám sé að ræða. Í öðru lagi getur niðurstaðan ráðist nokkuð af því hvernig endanleg ákvörðun eiganda flutningsvirkis verður um hvort hann kjósi að selja eignirnar, leggja þær inn í flutningsfyrirtækið sem hlutafé eða leigja þær flutningsfyrirtækinu. Í þriðja lagi verður að gæta sérstaklega að hlutverki og skýringu ákvæðis XI. til bráðabirgða í lögunum sbr. c. lið 12. gr. laga nr. 89/2004, um verðmat flutningsvirkja. Auk þess er texti laganna um margt óskýr og vandskýrður svo ekki leiði til innbyrðis ósamræmis milli skýringa á ákvæðum laganna, en þó er eignarnám oft bundið teygjanlegum skilyrðum og verður ávallt innan vissra marka háð mati.

Jafnan er gert ráð fyrir að eignarnemi eigi að hafa frumkvæði að því að eignarnámsbætur skuli metnar ef ekki næst samkomulag. Eignarnámsþoli á þó einnig rétt á að vísa ágreiningi til matsnefndar ef eignarnemi gerir það ekki.

Samkvæmt almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta teljast réttindi til hagnýtingar fjárhagsleg verðmæti, enda þótt aðeins sé til að dreifa fáum aðilum (eða jafnvel aðeins einum) er hafi áhuga og getu til að afla sér og nota þær hagnýtingarheimildir sem um er að ræða.

Eignarnámsbætur miða þó eingöngu að því að bæta tjón eignarnámsþola en ekki auðgun eignarnema. Talið er að grundvöllur eignarnámsbóta geti einkum verið þrennskonar; söluverð, notagildi eða kostnaður af útvegum sambærilegrar eignar (enduröflunarkostnaður). Einfaldað má segja að söluverð sé miðað við almennt gangverð, notagildi við sannanlegan arð af eigninni og með enduröflun er einkum gert ráð fyrir kostnaði sem eignarþoli verður að leggja út til þess að fá aðra sambærilega eign. Verðmæti í einstökum tilvikum ræðst svo af ýmsum atriðum, en þó fyrst og fremst af legu við markaði, stærð markaðssvæðis og eftirspurn, kostnaði, svo og af því hvort möguleikar séu á nýtingu verðmætanna með ýmsu öðru móti en í þeim tilgangi sem eignarnámið beinist að. Þá er miðað við að eignarnámsbætur skuli miðaðar við það verðlag sem er hverju sinni þegar bætur eru ákvarðaðar.

Hreyft hefur verið við því sjónarmiði að ef eignarnám er mjög umfangsmikið, beinist t.d. að fjölda eigna af sama tagi, leyfist löggjafanum að setja reglur um hvernig standa skuli að mati, þótt þær reglur leiði til þess að einstakir eigendur fái ekki "fullt verð" fyrir eignir sínar. Sérstaklega eigi slík sjónarmið við ef tæknilega er erfitt að meta tjón eignarnámsþola í hverju einstöku tilviki. Þótt slík sjónarmið kunni að vera réttlætunleg í vissum tilvikum verður þó að telja að einstakir eignarnámsþolar verði ekki sviptir rétti sínum til þess að fá tjón sitt að fullu bætt, takist að sýna fram á veruleg frávik frá reglunni um fullar bætur.

4.2 Eignatilfærsla samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003

Við gildistöku 1. mgr. 10. gr. raforkulaga nr. 65/2003, eins og greininni var breytt með 6. gr. laga nr. 89/2004, var tekin ákvörðun um eignatilfærslu, þ.e. ákveðnar nánar skilgreindar eignir lögaðila voru teknar með lagafyrirmælum af eigendum sínum og færðar öðru og óskyldu fyrirtæki til afnota. Augljóst er að þau fyrirtæki sem eiga flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. laganna er skylt að afsala sér eignum sínum til þriðja aðila og er athugunarefni hvort hér sé um að ræða eignatilfærslu sem jafnast getur við eignarnám. Við fyrstu sýn, sbr. ofangreinda skilgreiningu og umfjöllun um eignarnám, virðist svo vera.

Spurningar vakna hvort lagagreinin, og þá sérstaklega aðferðafræðin sem er viðhöfð, leiði ávallt til þess að um eiginlegt eignarnám sé að ræða, í þeim skilningi að sjónarmið um bætur skv. eignarnámlögunum eigi að gilda. Í fyrsta lagi er hvergi í lögunum eða lögskýringargögnum skýrlega orðað þannig að um eignarnám sé að ræða. Í öðru lagi getur niðurstaðan ráðist nokkuð af því hvernig endanleg ákvörðun eiganda flutningsvirkis verður um hvort hann kjósi að selja eignirnar, leggja þær inn í flutningsfyrirtækið sem hlutafé eða leigja þær flutningsfyrirtækinu. Í þriðja lagi verður að gæta sérstaklega að hlutverki og skýringu ákvæðis XI. til bráðabirgða í lögunum sbr. c. lið 12. gr. laga nr. 89/2004, um verðmat flutningsvirkja. Auk þess er texti laganna um margt óskýr og vandskýrður svo ekki leiði til innbyrðis ósamræmis milli skýringa á ákvæðum laganna, en þó er eignarnám oft bundið teygjanlegum skilyrðum og verður ávallt innan vissra marka háð mati.

Verður nú vikið að ofangreindum álitafnum, en sökum þess hversu samþætt þau eru, er ekki gerlegt að fjalla algerlega afmarkað um hvert þeirra.

4.3 Skýring og túlkun 10. gr. raforkulaga sbr. c. lið 12. gr. laga nr. 89/2004 og skiptir val á greiðslukjörum máli?

Eins og vikið er að ofan segir hvergi berum orðum í lagagreininni að um eignarnám sé að ræða og er iðnaðarráðherra hvergi berum orðum veittar heimildir til þess að taka umrædd flutningsvirki eignarnámi. Þótt orðalag lagagreinarinnar ráði ekki úrslitum um hvort eignarnám sé að ræða, væri ákaflega sérkennilegt, ef löggjafinn hefði talið greinina eignarnámsheimild, að kveða ekki skýrt á um heimildina í lagatextanum. Fleira kemur til, en eins og nánar verður vikið að síðar gera lögin ráð fyrir að skipuð skuli ákveðin samninganefnd til þess að ákvarða verðmat flutningsvirkjanna, sbr. bráðabirgðaákvæði XI. Náist ekki samkomulag í nefndinni um verðmatið, skal iðnaðarráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem skal úrskurða um verðmætið og beita til þess nær sömu sjónarmiðum og matsnefnd eignarnámsbóta. Í frumvarpi með lögum nr. 89/2004 segir í skýringum með nefndu bráðabirgðaákvæði að ástæða þess hvernig matsnefndin er skipuð og hvaða vinnureglum hún eigi að beita segir orðrétt (áherslur LOGOS):

"Ef eigendum flutningsvirkja tekst ekki að ná samstöðu um verðmat er lagt til að skipuð verði sérstök matsnefnd sem ætlað er að meta verðmæti flutningsvirkja, sem ekki hefur náðst samstaða um. Ætlunin er að nefnd þessi verði með svipuðu sniði og matsnefnd eignarnámsbóta og að lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms gildi að verulegu leyti um störf nefndarinnar. Tekið er fram að matsnefndin skuli miða við endurstofnverð að teknu tilliti til afskrifta. Ekki er lagt til að nefndin taki tillit til afskrifta við verðmat líkt og samninganefndin á að gera og ekki gert ráð fyrir að matsnefndin sé bundin af afskriftareglum samninganefndar. Þá þykir rétt að leggja áherslu á þann mun á samninganefnd og matsnefnd sem felst í því að eigendum er annars vegar ætlað að komast að frjálsum samkomulagi um verðmat eigna sinna í samninganefnd en náist slíkir samningar ekki kemur tii kasta matsnefndar. Gilda þá sömu sjónarmið og við eignarnám enda verður eigendum flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. ekki kleift að undanskilja flutningsvirki sín frá virkjunum er flutningsfyrirtækið mun hafa umráð yfir."

Við þessar skýringar í frumvarpi til laga nr. 89/2004 er margt að athuga. Í fyrsta lagi vekur athygli, eins og nánar verður vikið að síðar, að í lögnum er á öðrum stað gert ráð fyrir að umrædd samninganefnd beiti ákveðnum sjónarmiðum við verðmat sitt á flutningsvirkjunum, sem síðar reyndust nánast ófrávíkjanleg í samningaviðræðunum. Þegar minnst er á sömu samninganefnd í tengslum við ofangreinda matsnefnd er um hana fjallað eins og um algerlega frjálsa samninga sé að ræða. Í öðru lagi vekur athygli setningin sem hefst á "Ekki er gert ráð fyrir að nefndin sé bundin af afskriftareglum samninganefndar", sem þó er nýbúið að segja frjálsa! Í þriðja lagi er rökstuðningur fyrir því að frekar sé um eignarnám að ræða þegar matsnefnd fjalli um málið, en ekki samninganefndin, vægast sagt einkennilegur. Í lok tilvitnaðs texta segir eigendur flutningsvirkja eigi ekki kost á því að undanskilja flutningsvirki sín frá virkjunum. Eins og áður er rakið er eiganda flutningsvirkis ekki frekar kleyft að undanskilja flutningsvirki sín frá flutningsfyrirtækinu, hvort sem verðmat ræðst á samningi eða mati. Virðist hér sem um grundvallar misskilning sé að ræða.

Lagaboð 1. mgr. 10. gr. laga nr. 65/2003, um afhendingu flutningsvirkja eru ekki valkvæð og væri því rétt að álykta hvort sem verðmat ráðist af samningi eða mati, að í ljósi skýringa með bráðabirgðaákvæðinu um verðmat ættu ávallt sjónarmið um "fulit verð" að gilda. Af ofangreindri umfjöllun um eignarnám verður einnig ljóst að ákvörðun "fulls verðs" er einungis hluti þess ferlis sem kallast eignarnám. Fyrst kemur mat löggjafans á almenningsþörf, síðan lagaheimildin og loks framkvæmdin sjálf, þ.e. að ákvarða eftir atvikum umfang eignarnámsins og fullt verð eignarnámsbótanna. Hvernig um þær bætur semst eða þær eru metnar hefur hins vegar ekkert að gera með hvort ákvörðun um eignarnám hefur verið tekin með lögum.

Verður því ekki dregin önnur ályktun af orðskýringu og túlkun á 1. mgr. 10. gr. raforku laga, hafi löggjafinn ákveðið að skylda eigendur flutningsvirkja til þess að láta afnota- eða eignarétt sinn í hendur fyrirtækisins með lagaboði. Hvort í þeirri ákvörðun sé fallin heimild iðnaðarráðherra f.h. óstofnaðs félags, Landsnets hf., til að taka nánar greind flutningsvirki eignarnámi er ekki fullyrt, en vissulega ber eðli lagaheimildarinnar slíkt með sér. Sérstaklega er rétt að geta þess að þótt hreint eignarnám, þ.e. eigandi sviptur eign gegn greiðslu bóta, verði ef til vill ekki talið hafa farið fram nema með "sölu" á flutningsvirkjunum, verður að telja að umráðasvipting og aðilaskipti á þeim hafi verið ákveðin með lögum hvort sem endurgjaldið er hlutfé eða peningar. Auk þess verður ekki séð að hinn boðaði leigumöguleiki breyti þar miklu um, þar sem forsendur leiguverðs eru fastmótaðar í 10. mgr. ákvæðis XI. til bráðabirgða og hefur leigjandi ákaflega lítið um leiguverð að segja. Auk þess má benda á að um leiguskyldu er að ræða skv. lagaboði og er slík skylda kölluð leigunám og ber öll einkenni eignarnáms, þótt hið leigða kunní á einhverjum óskilgreindum tímapunkti fallið á ný til leigusaða. Dæmi um leigunám má nefna 2. gr. laga nr. 29/1941 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kaupúnum o.fl. Um leigubætur skv. þeim lögum skyldi fara skv. þágildandi lögum um eignarnámsbætur.

5.0 Skýring og túlkun ákvæðis XI. til bráðabirgða í raforkulögum

5.1 Almennt

Skýring ákvæðisins er vandasamt úrlausnarefni og er textinn ekki vel til þess fallinn að varpa skýru ljósi á fyrirætlanir löggjafans. Bæði er texti ákvæðisins torskilinn og gætir einnig ákveðins ósamræmis þegar kemur að skýringum á ákvæðinu í athugasemdum með frumvarpinu.

Eins og áður hefur verið fjallað um virðist sem hvorki lögin sjálf, greinargerð eða gögn málsins um gang mála hjá samninganefndinni gera ráð fyrir að um eiginlegt eignarnámsferli sé að ræða, nema ef verðmatið kæmi til kasta sérstakrar matsnefndar. Þá hefur verið rakið að sömu gögn virðast ýmist slá úr eða í um hvort samninganefndin hafi verið frjáls um verðmatið eður ei. Er því nauðsynlegt að gera betur grein fyrir starfi og skipan hinnar umtöluðu samninganefndar og því hvernig hún beitti ákvæðinu.

5.2 Samninganefndin og niðurstaða samningaviðræðna

Umrædd samninganefnd var skipuð af iðnaðarráðherra í júní 2004, á grundvelli ákvæðis XI til bráðabirgða við raforkulög nr. 65/2003, sbr. lög nr. 89/2004. Hlutverk nefndarinnar var að meta verðmæti þeirra flutningsvirkja sem mynda skyldu flutningskerfi hins nýja flutningsfyrirtækis (Landsnets hf.), sbr. 6. tl. 3. gr., II. kafla og bráðabirgðaákvæði IX-XII raforkulaga nr. 65/2003, sbr. einnig ofangreint.

Lagaboð 1. mgr. 10. gr. laga nr. 65/2003, um afhendingu flutningsvirkja eru ekki valkvæð og væri því rétt að álykta hvort sem verðmat ráðist af samningi eða mati, að í ljósi skýringa með bráðabirgðaákvæðinu um verðmat ættu ávallt sjónarmið um "fullt verð" að gilda. Af ofangreindri umfjöllun um eignarnám verður einnig ljóst að ákvörðun "fulls verðs" er einungis hluti þess ferlis sem kallast eignarnám. Fyrst kemur mat löggjafans á almenningsþörf, síðan lagaheimildin og loks framkvæmdin sjálf, þ.e. að ákvarða eftir atvikum umfang eignarnámsins og fullt verð eignarnámsbótanna. Hvernig um þær bætur semst eða þær eru metnar hefur hins vegar ekkert að gera með hvort ákvörðun um eignarnám hefur verið tekin með lögum.

Verður því ekki dregin önnur ályktun af orðskýringu og túlkun á 1. mgr. 10. gr. raforkulaga, hafi löggjafinn ákveðið að skylda eigendur flutningsvirkja til þess að láta afnota- eða eignarétt sinn í hendur fyrirtækisins með lagaboði. Hvort í þeirri ákvörðun sé falin heimild iðnaðarráðherra f.h. óstofnaðs félags, Landsnets hf., til að taka nánar greind flutningsvirki eignarnámi er ekki fullyrt, en vissulega ber eðli lagaheimildarinnar slíkt með sér. Sérstaklega er rétt að geta þess að þótt hreint eignarnám, þ.e. eigandi sviptur eign gegn greiðslu bóta, verði ef til vill ekki talið hafa farið fram nema með "sölu" á flutningsvirkjunum, verður að telja að umráðasvipting og aðilaskipti á þeim hafi verið ákveðin með lögum hvort sem endurgjaldið er hlutafé eða peningar. Auk þess verður ekki séð að hinn boðaði leigumöguleiki breyti þar miklu um, þar sem forsendur leiguverðs eru fastmótaðar í 10. mgr. ákvæðis XI. til bráðabirgða og hefur leigjandi ákaflega lítið um leiguverð að segja. Auk þess má benda á að um leiguskyldu er að ræða skv. lagaboði og er slík skylda kölluð leigunám og ber öll einkenni eignarnáms, þótt hið leigða kunni á einhverjum óskilgreindum tímapunkti fallið á ný til leigusala. Dæmi um leigunám má nefna 2. gr. laga nr. 29/1941 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kaupúnum o.fl. Um leigubætur skv. þeim lögum skyldi fara skv. þágildandi lögum um eignarnámsbætur.

5.0 Skýring og túlkun ákvæðis XI. til bráðabirgða í raforkulögum

5.1 Almenn

Skýring ákvæðisins er vandasamt úrlausnarefni og er textinn ekki vel til þess fallinn að varpa skýru ljósi á fyrirætlanir löggjafans. Bæði er texti ákvæðisins torskilinn og gætir einnig ákveðins ósamræmis þegar kemur að skýringum á ákvæðinu í athugasemdum með frumvarpinu.

Eins og áður hefur verið fjallað um virðist sem hvorki lögin sjálf, greinargerð eða gögn málsins um gang mála hjá samninganefndinni gera ráð fyrir að um eiginlegt eignarnámsferli sé að ræða, nema ef verðmatið kæmi til kasta sérstakrar matsnefndar. Þá hefur verið rakið að sömu gögn virðast ýmist slá úr eða í um hvort samninganefndin hafi verið frjáls um verðmatið eður ei. Er því nauðsynlegt að gera betur grein fyrir starfi og skipan hinnar umtöluðu samninganefndar og því hvernig hún beitti ákvæðinu.

5.2 Samninganefndin og niðurstaða samningaviðræðna

Umrædd samninganefnd var skipuð af iðnaðarráðherra í júní 2004, á grundvelli ákvæðis XI til bráðabirgða við raforkulög nr. 65/2003, sbr. lög nr. 89/2004. Hlutverk nefndarinnar var að meta verðmæti þeirra flutningsvirkja sem mynda skyldu flutningskerfi hins nýja flutningsfyrirtækis (Landsnets hf.), sbr. 6. tl. 3. gr., II. kafla og bráðabirgðaákvæði IX-XII raforkulaga nr. 65/2003, sbr. einnig ofangreint.

Komst nefndin að samkomulagi um verðmat flutningsvirkjanna og samsvarandi hlutdeild í hinu nýja fyrirtæki og var það undirritað þann 4. ágúst 2004.

Endanleg niðurstaða var þessi:

Hitaveita Suðurnesja hf.:	749.321.000 kr.	2,77% í Landsneti hf.
Orkuveita Reykjavíkur:	1.322.731.000 kr.	4,89% í Landsneti hf.
Rafmagnsveitur ríkisins:	2.647.502.000 kr.	9,13% í Landsneti hf.
Orkubú Vestfjarða hf.:	340.760.000 kr.	1,26% í Landsneti hf.
Landsvirkjun:	22.154.997.000 kr.	81,95% í Landsneti hf.

Í IV. kafla samkomulagsins eru fyrirvarar í 11 tölusetnum liðum. Í 7. tölulið kemur fram, hvað varðar Hitaveitu Suðurnesja, að ákvarðað verð samninganefndar á fasteignum tengivirkja við Svartsengi og Fitjar, sé ekki endanlegt. Í 10. tölulið segir að telji orkufyrirtækin að í samkomulaginu eða undirgögnum þess, séu augljósar skekkjur, t.d. vantalinnt eða oftalinnt búnaður, reiknings skekkjur eða annað álíka ósamræmi, skuli bera slíkt upp við orkumálastjóra sem ákvarðar hvort taka beri slíkar ábendingar til greina. Aðilar skuldbindi sig til þess að hlíta niðurstöðu hans þar að lútandi. Í 11. tölulið kemur fram m.a. að endurskoðun skv. 7. tölulið skuli lokið eigi síðar en 30. nóvember 2004. Í V. kafla kemur fram að samkomulagið sé að öðru leyti án fyrirvara af hálfu undirritaðra og að fullu bindandi í samræmi við raforkulög. Komi til ágreinings um túlkun samkomulagsins eða einstakra efnisatriða þess, umfram það sem leiðir af fyrir mælum IV. kafla, skuli orkumálastjóri miðla málum með aðilum. Takist það ekki og risi mál út af efnidum eða túlkun samkomulagsins skuli það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5.3 Starf og forsendur samninganefndarinnar.

Af gögnum málsins má ráða að meirihluti samninganefndarinnar hafi litið svo á að þau sjónarmið sem fram koma í raforkulögum og breytingum á þeim væru lögbundin skilyrði þess hvernig verðmatið skyldi fara fram. Miðast niðurstaða samninganefndarinnar við þær forsendur að þegar samkomulag um endurstofnsverð lá fyrir yrði að beita bókfærðum afskriftum til þess að finna endanlegt verðmat flutningsvirkjanna.

Þetta sjónarmið kemur skýrt fram í svonefndu "minnisblaði um afskriftir", sem er fylgiskjal 8 við samkomulagið frá 4. ágúst 2004 og unnið af tveimur nefndarmönnum ásamt þriðja manni. Þar segir að töluverður munur sé á milli eigenda flutningsvirkja hvað varðar bókfærðar afskriftir. Háspennulína sem reist sé, t.d. árið 1990 af Hitaveitu Suðurnesja er afskrifuð um 50% nú, 47% hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur, 48% hjá Orkuveitu Vestfjarða en einungis um 37% hjá Landsvirkjun. Svipaða sögu sé að segja um aðveitustöðvar. Einnig sé mismunandi hvernig fyrirtækin hafa staðið að framreikningi eigna. Fiest fyrirtækin hafi notað byggingarvísitölu, en Landsvirkjun hafi notað samsetta innlenda og erlenda vísitölu. Svo segir orðrétt í minnisblaðinu (áherslur LOGOS):

"Í XI. gr. bráðabirgðaákvæðis í raforkulögum 65/27. mars 2003 er kveðið á um að "matsverð sé sem næst endurstofnsverði að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eigna, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta....". Þröng túlkun á þessu ákvæði er að færa einfaldlega þær afskriftir sem standa í bókum fyrirtækjanna vegna þessara eigna. Sú leið er þó hæpin í ljósi þess sem að ofan er ritað [um mismundandi bókfærðar afskriftir milli fyrirtækja] og þess að torvelt

er að finna þær afskriftir sem færðar hafa verið á hverja og eina eign.

Í athugasemdum í frumvarpinu er sagt um þennan lið: "Hvað afskriftir varðar þykir rétt að taka fram að við verðmat eigna ber eingöngu að miða við þær afskriftir sem bókfærðar hafa verið en ekki er gert ráð fyrir að tekin sé afstaða til framtíðarafskrifa. Þær verða ákveðnar við setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins.

Samkvæmt þessu er ljóst að löggjafinn gefur samninganefndinni takmarkað svigrúm til að endurmeta afskriftir.

Við leggjum til að við afskrift eigna verði notuð afskriftarhlutföll fyrirtækjanna eins og þau voru á hverjum tíma, sama á við um niðurlagsverð eigna. Kosturinn við þess aðferð er að hún fer nálægt bókfærðum afskriftum fyrirtækjanna og er því í hátt við lagagreininna. Ókosturinn er sá að sömu eða svipaðar eignir eru ekki afskrifaðar sem sama hætti óháð eigenda."

Augljóst er af framangreindu, og í raun viðurkennt, að höfundar minnisblaðsins telja að jafnræði verði ekki gætt milli einstakra eigenda flutningsvirkja. Það vekur því óneitanlega athygli að þrátt fyrir að í minnisblaðinu sé ítarlega rakið að þau sjónarmið sem leiðbeinandi eru í lögunum og frumvarpi með þeim muni leiða til ójafnræðis og þar með í raun óréttlátrar niðurstöðu er það niðurstaða minnisblaðsins að mæla með þeirri leið. Virðist sú niðurstaða aðallega byggja á túlkun höfunda minnisblaðsins á fyrirmælum löggjafans um afskriftir en eins og nánar verður rakið í næsta kafla er alls óvíst hvort sú forsenda að sjónarmiðin séu bindandi sé rétt.

5.4 Nánar um afskriftaforsendu samninganefndarinnar

Við athugun á raforkulögum, með síðari breytingum, ásamt lögskýringargögnum er erfitt að finna skýr rök fyrir hvers vegna bókfærðum afskriftum er gefið svo hátt vægi sem raun ber vitni, hvað þá að slík afskriftaforsenda sé lögbundin.

Í bráðabirgðaákvæði XI, kemur fram að stefnt skuli að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra sem máli kunna að skipta. Ljóst er því að lögð er áhersla á að beita þessari aðferð – en ekki er þó hægt að líta svo á að hér sé um ófrávíkjanlega reglu að ræða. Til stuðnings því má líta til eftirfarandi þátta:

Í fyrsta lagi, eftirfarandi ummæla í frumvarpi með breytingarlögum nr. 49/2004, sem ganga út á að þetta sé einungis viðmiðunarregla : "lögð er áhersla á að framangreint [sjónarmiðin um afskriftir] er einungis viðmiðunarregla en ekki bindandi um niðurstöðu nefndarinnar". Í öðru lagi virðist vera byggt á því að aðilar gangi frjálssir til samninga, sem eðlilegt er um samninganefndir, sbr. eftirfarandi ummæli úr athugasemdum með ákvæðinu: "... enda verður hún samninganefnd þar sem eigendur geta komið sér saman um aðferðir við verðmat og um verðmæti einstakra eigna." Í þriðja lagi er í umfjöllun um matsnefndina sem átti að ákveða verðmatið, kæmist samninganefndin ekki að samkomulagi, vísað til þess að samninganefndin byggji á þeirri forsendu að eigendum flutningsvirkja væri í nefndinni "ætlað að komast að frjálssu samkomulagi um verðmat eigna sinna". Í fjórða lagi vísast til sjónarmiða við verðmat í kjölfar eignarnáms sem gerir ráð fyrir fullu verði. Þótt löggjafanum sé heimilt að lögbinda nánari skilyrði um framkvæmd eignarnámsins, t.d. ákveðin sjónarmið við verðmat, geta þau sjónarmið eða fyrirmæli ekki beinlínis gengið út frá þeirri

er að finna þær afskriftir sem færðar hafa verið á hverja og eina eign.

Í athugasemdum í frumvarpinu er sagt um þennan lið: "Hvað afskriftir varðar þykir rétt að taka fram að við verðmat eigna ber eingöngu að miða við þær afskriftir sem bókfærðar hafa verið en ekki er gert ráð fyrir að tekin sé afstaða til framtíðarafskrifta. Þær verða ákveðnar við setningu tekjumarkna flutningsfyrirtækisins.

Samkvæmt þessu er ljóst að löggjafinn gefur samninganefndinni takmarkað svigrúm til að endurmeta afskriftir.

Við leggjum til að við afskrift eigna verði notuð afskriftarhlutföll fyrirtækjanna eins og þau voru á hverjum tíma, sama á við um niðurlagsverð eigna. Kosturinn við aðferð er að hún fer nálægt bókfærðum afskriftum fyrirtækjanna og er því í hátt við lagagreinina. Ókosturinn er sá að sömu eða svipaðar eignir eru ekki afskrifaðar sem sama hætti óháð eigenda."

Augljóst er af framangreindu, og í raun viðurkennt, að höfundar minnisblaðsins telja að jafnræði verði ekki gætt milli einstakra eigenda flutningsvirkja. Það vekur því óneitanlega athygli að þrátt fyrir að í minnisblaðinu sé ítarlega rakið að þau sjónarmið sem leiðbeinandi eru í lögnum og frumvarpi með þeim muni leiða til ójafnræðis og þar með í raun óréttlátrar niðurstöðu er það niðurstaða minnisblaðsins að mæla með þeirri leið. Virðist sú niðurstaða aðallega byggja á túlkun höfunda minnisblaðsins á fyrirmælum löggjafans um afskriftir en eins og nánar verður rakið í næsta kafla er alls óvíst hvort sú forsenda að sjónarmiðin séu bindandi sé rétt.

5.4 Nánar um afskriftaforsendu samninganefndarinnar

Við athugun á raforkulögum, með síðari breytingum, ásamt lögskýringargögnum er erfitt að finna skýr rök fyrir hvers vegna bókfærðum afskriftum er gefið svo hátt vægi sem raun ber vitni, hvað þá að slík afskriftaforsenda sé lögbundin.

Í bráðabirgðaákvæði XI, kemur fram að stefnt skuli að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra sem máli kunna að skipta. Ljóst er því að lögð er áhersla á að beita þessari aðferð – en ekki er þó hægt að líta svo á að hér sé um ófrávikjanlega reglu að ræða. Til stuðnings því má líta til eftirfarandi þátta:

Í fyrsta lagi, eftirfarandi ummæla í frumvarpi með breytingarlögum nr. 49/2004, sem ganga út á að þetta sé einungis viðmiðunarregla : "lögð er áhersla á að framangreint [sjónarmiðin um afskriftir] er einungis viðmiðunarregla en ekki bindandi um niðurstöðu nefndarinnar". Í öðru lagi virðist vera byggt á því að aðilar gangi frjálssir til samninga, sem eðlilegt er um samninganefndir, sbr. eftirfarandi ummæli úr athugasemdum með ákvæðinu: "... enda verður hún samninganefnd þar sem eigendur geta komið sér saman um aðferðir við verðmat og um verðmæti einstakra eigna." Í þriðja lagi er í umfjöllun um matsnefndina sem átti að ákveða verðmatið, kæmist samninganefndin ekki að samkomulagi, vísað til þess að samninganefndin byggji á þeirri forsendu að eigendum flutningsvirkja væri í nefndinni "ætlað að komast að frjálssu samkomulagi um verðmat eigna sinna". Í fjórða lagi vísast til sjónarmiða við verðmat í kjölfar eignarnáms sem gerir ráð fyrir fullu verði. Þótt löggjafanum sé heimilt að lögbinda nánari skilyrði um framkvæmd eignarnámsins, t.d. ákveðin sjónarmið við verðmat, geta þau sjónarmið eða fyrirmæli ekki beinlínis gengið út frá þeirri

forsendu að skerða rétt eignarnámspola til fulls verðs. Um framangreinda reglu gilda þó þröngar undantekningar, eins og áður var vikið að, en ekki verður séð að þær eigi við í þessu tiltekna tilviki.

Það verður því að telja, m.t.t. ofangreinds, að samninganefndinni hafi ekki verið lögum samkvæmt, skylt að leggja bókfærðar afskriftir til grundvallar, heldur hefði hún geta komist að annarri niðurstöðu.

Hvaða sjónarmiðum átti þá að beita? Í raun og veru ekki hægt að gefa línuna með það. Öll sanngirnis- og jafnræðis sjónarmið auk viðurkenndra reglna við verðmat við eignarnám, hljóta hins vegar að hníga að því að sambærilegar eignir séu metnar með sambærilegum hætti. Endurmatsverðið var fundið með samræmdum hlutlægum reglum - hví þá ekki afskriftarforsendurnar líka? Í því sambandi má benda á þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja er lagt var fyrir 130. löggjafarþing Alþingis (2003-2004). Þar kemur fram í athugasemdum, að samræma þurfi reiknisstil og framsetningu ársreikninga orkufyrirtækja og taka eigi þar tillit til þess að fyrirtækin kunni að hafa haft mismunandi reglur um eignfærslu og fyrningar margvíslegra fjárfestinga á liðunum árum. Því var lögð til samræmd aðferð við endurmat (3. gr. frumvarpsins) og samræmd fyrningarhlutföll vegna endurmats (4. gr. frumvarpsins)

5.5 Afleiðingar þess að hafa skrifað undir

Þrátt fyrir ofangreinda umfjöllun um aðdraganda þess að samninganefndin var skipuð, störf samninganefndarinnar og sjónarmiða um fullt verð eigna í kjölfar eignarnáms er ekki víst að hvaða marki getur á þau reynt, án þess að fjalla um þýðingu þess að samninganefndin komst að niðurstöðu sem allir aðilar skrifuðu undir. Fulltrúi Hitaveitu Suðurnesja lagði fram einhliða yfirlýsingu við undirritun samningsins, sem ætlað var að vera fyrirvari af hálfu Hitaveitu Suðurnesja.

Yfirlýsingin er svo hljóðandi:

"Það er og hefur verið eindregin skoðun Hitaveitu Suðurnesja hf að verðmat eigna skuli í meginatriðum byggjast á því tekjuflæði sem þær skapa. Sé það sjónarmið ekki viðurkennt er það grundvallaratriði að sambærilegar eignir verðmetist með sama hætti og hafi þá við afhendingu sama verðmæti án tillits til reglna einstakra fyrirtækja um afskriftir o.fl. í fortíðinni.

Í starfi þessarar nefndar hafa nefndarmenn verið upplýstir um það, að í lögunum nr. frá maí 2004, sem er grundvöllur þessa nefndarstarfs, sé með svo ákveðnum hætti tekið á þeim atriðum er snerta ofangreind sjónarmið, að nefndin hafi ekki svigrúm eða leyfi til að taka tillit til þessara grundvallarsjónarmiða HS.

Í ljósi ofangreinds staðfestir undirritaður sameiginlegt álit nefndarinnar með undirskrift sinni.

*Friðrik Friðriksson
061064-4519"*

Eins og dæma má af yfirlýsingunni þá taldi Hitaveita Suðurnesja að beita ætti öðrum aðferðum við verðmat eigna, en þeim er urðu ofan á í starfi samninganefndarinnar. Fram kemur í yfirlýsingunni að nefndarmenn hafi verið

upplýstir um það að í lögum nr. 89/2004 hafi verið svo skýr fyriræli um verðmat að ekki hafi frá þeim mátt víkja. Fulltrúi Hitaveitu Suðurnesja kveður þetta einnig hafa komið mjög skýrt fram hjá formanni nefndarinnar, í öllum samskiptum við hann, sbr. einnig tölvuskeyti formannsins frá 23. júlí 2004 til fulltrúa Hitaveitu Suðurnesja.

Er það mat okkar, sbr. framangreint, að þær afskriftarforsendur sem lagðar voru til grundvallar hafi ekki verið afdráttarlaus skilyrði. Hitaveita Suðurnesja hafi átt fullan rétt á því að hafa uppi aðrar skoðanir á forsendum verðmats en fram koma í bráðarbirgðaákvæði XI eða hjá meirihluta nefndarinnar, ef því væri að skipta.

Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að Hitaveitu Suðurnesja bar engin skylda til þess að skrifa undir samkomulagið. Lagatextinn gerir beinlínis ráð fyrir því að sú staða geti komið upp að samkomulag náist ekki í nefndinni og lögbindur því sérstök úrræði um hvernig skuli farið með ágreining sem ekki fæst jafnaður, sbr. ákvæði um skipun matsnefndarinnar. Þá verður einnig til þess að líta að í samkomulaginu sjálfu eru listaðir og sérgreindir sameiginlegir fyrirvarar sem aðilar gera við samkomulagið og er fyrirvarl um afskriftarforsenduna ekki þar á meðal. Auk þess hefur yfirlýsing Hitaveitu Suðurnesja ekki að geyma orðið "fyrirvari" sem kann að hafa áhrif við mat á vægi hans.

Af yfirlýsingunni að dæma er þó augljóst að texti skjalsins varðar afskriftarforsendurnar sérstaklega og að Hitaveita Suðurnesja telji að beita hefði átt öðrum afskriftarforsendum. Í ljósi þess og þeirra einörðu skoðana sem fram voru settar af hálfu formanns nefndarinnar verður þó álykta að yfirlýsing þessi geti haft áhrif á skuldbindingagildi samkomulagsins frá 4. ágúst 2004.

6.0 Niðurstöður

6.1 Skuldbindingargildi samninga og brostnar forsendur

Meginregla samningaréttarins er sú að samninga skuli halda. Telji menn nauðsynlegt að binda gildi þeirra við ákveðnar forsendur skulu þær koma skýrt fram í samningnum. Geri þær það ekki og aðilar skrifa undir af fúsum og frjálsum vilja má halda hinu gangstæða fram. Hins vegar verður að líta á aðstæður aillar í heild sinni þegar metið er hvaða forsendur liggja samningum til grundvallar. Því kunna önnur atvik, svo sem háttsemi og ummæli sem eiga sér stað við samningagerð, að skipta máli. Skuldbindingargildi samninga eru takmörk sett og kunna brostnar forsendur eða önnur atvik, svo sem óheiðarleiki eða misneyting, að hafa áhrif á gildi samningsins.

6.2 Úrræði

Ljóst er að á grundvelli samningsins frá 4. ágúst 2004 er komið á bindandi samkomulag. Við þær aðstæður eru tvær leiðir tækar. Fyrri leiðin er að vísa ágreiningum til orkumálastjóra, sbr. þau úrræði sem nefnd eru í 10. tölulið IV. kafla og V. kafla samkomulagsins sjálfs. Hér þyrfti að sína fram á með sterkum rökum að afskriftarforsendur þær sem lagðar voru til grundvallar hafi ekki verið eðlilegar og sanngjarnar og nefndarmenn hafi ekki verið bundnir af þeim að lögum og hafi mátt beita annarskonar og sanngjarnari mælikvarða. Sönnunarbyrðin um að þessi sjónarmið eigi við úrræðin í 10. tölulið IV. kafla og V. kafla, mun liggja hjá Hitaveitu Suðurnesja. Einnig verður að benda á að Hitaveita Suðurnesja myndi verða bundin af möguiegri úrlausn orkumálastjóra. Þess ber þó að geta að í ákvæðunum felast ekki mjög skýr úrræði – þ.e. með hvaða hætti orkumálastjóri tekur "ábindingar til greina" eða "miðli málum".

upplýstir um það að í lögum nr. 89/2004 hafi verið svo skýr fyrirumæli um verðmat að ekki hafi frá þeim mátt víkja. Fulltrúi Hitaveitu Suðurnesja kveður þetta einnig hafa komið mjög skýrt fram hjá formanni nefndarinnar, í öllum samskiptum við hann, sbr. einnig tölvuskeyti formannsins frá 23. júlí 2004 til fulltrúa Hitaveitu Suðurnesja.

Er það mat okkar, sbr. framangreint, að þær afskriftarforsendur sem lagðar voru til grundvallar hafi ekki verið afdráttarlaus skilyrði. Hitaveita Suðurnesja hafi átt fullan rétt á því að hafa uppi aðrar skoðanir á forsendum verðmats en fram koma í bráðarbirgðaaákvæði XI eða hjá meirihluta nefndarinnar, ef því væri að skipta.

Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að Hitaveitu Suðurnesja bar engin skylda til þess að skrifa undir samkomulagið. Lagatextinn gerir beinlínis ráð fyrir því að sú staða geti komið upp að samkomulag náist ekki í nefndinni og lögbundur því sérstök úrræði um hvernig skuli farið með ágreining sem ekki fæst jafnaður, sbr. ákvæði um skipun matsnefndarinnar. Þá verður einnig til þess að líta að í samkomulaginu sjálfu eru listaðir og sérgreindir sameiginlegir fyrirvarar sem aðilar gera við samkomulagið og er fyrirvari um afskriftaforsenduna ekki þar á meðal. Auk þess hefur yfirlýsing Hitaveitu Suðurnesja ekki að geyma orðið "fyrirvari" sem kann að hafa áhrif við mat á vægi hans.

Af yfirlýsingunni að dæma er þó augljóst að texti skjalsins varðar afskriftarforsendurnar sérstaklega og að Hitaveita Suðurnesja telji að beita hefði átt öðrum afskriftarforsendum. Í ljósi þess og þeirra einörðu skoðana sem fram voru settar af hálfu formanns nefndarinnar verður þó álykta að yfirlýsing þessi geti haft áhrif á skuldbindingagildi samkomulagsins frá 4. ágúst 2004.

6.0 Niðurstöður

6.1 Skuldbindingargildi samninga og brostnar forsendur

Meginregla samningaréttarins er sú að samninga skuli halda. Telji menn nauðsynlegt að binda gildi þeirra við ákveðnar forsendur skulu þær koma skýrt fram í samningnum. Gerl þær það ekki og aðilar skrifa undir af fúsum og frjálsum vilja má halda hinu gangstæða fram. Hins vegar verður að líta á aðstæður allar í heild sinni þegar metið er hvaða forsendur liggja samningum til grundvallar. Því kunna önnur atvik, svo sem háttsemi og ummæli sem eiga sér stað við samningagerð, að skipta máli. Skuldbindingargildi samninga eru takmörk sett og kunna brostnar forsendur eða önnur atvik, svo sem óheiðarleiki eða misneyting, að hafa áhrif á gildi samningsins.

6.2 Úrræði

Ljóst er að á grundvelli samningsins frá 4. ágúst 2004 er komið á bindandi samkomulag. Við þær aðstæður eru tvær leiðir tækar. Fyrri leiðin er að vísa ágreiningum til orkumálastjóra, sbr. þau úrræði sem nefnd eru í 10. tölulið IV. kafla og V. kafla samkomulagsins sjálfs. Hér þyrfti að sína fram á með sterkum rökum að afskriftarforsendur þær sem lagðar voru til grundvallar hafi ekki verið eðlilegar og sanngjarnar og nefndarmenn hafi ekki verið bundnir af þeim að lögum og hafi mátt beita annarskonar og sanngjarnari mælikvarða. Sönnunarbyrðin um að þessi sjónarmið eigi við úrræðin í 10. tölulið IV. kafla og V. kafla, mun liggja hjá Hitaveitu Suðurnesja. Einnig verður að benda á að Hitaveita Suðurnesja myndi verða bundin af mögulegri úrlausn orkumálastjóra. Þess ber þó að geta að í ákvæðunum felast ekki mjög skýr úrræði – þ.e. með hvaða hætti orkumálastjóri tekur "ábendingar til greina" eða "miðli málum".

Síðari leiðin byggir á því að fá samkomulagið ógilt á grundvelli almennra reglna samningaréttarins um brostnar forsendur og ógildinu löggerninga. Í álitinu þessu er ekki tekið á því hvornig að slíkum málalíbúnaði skuli staðið, t.a.m. hverjir ættu aðild að málinu. Ljóst er þó að slíkt mál yrði höfðað fyrir almennum dómstólum. Viðbótar málalíbúnaður í slíku máli myndi að sjálfsgöðu einnig byggja á því að títtnefnt bráðabirgðaákvæði XI. standist ekki 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Einnig mætti velja þeirri spurningu upp, sérstaklega, hvort fulltrúi Hitaveitu Suðurnesja í samninganefndinni hafi verið fulltrúi "eigenda flutningsvirkja" eins og kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði XI. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja var mjög skammur tími gefinn til þess að "skipa" fulltrúa í nefndina, eða aðeins 2-3 dagar, og því ómögulegt að kalla saman hluthafafund. Fulltrúi og varamaður í nefndina var því fundinn í samráði við stjórnarformann og fulltrúa 40% eignarhlutar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Sá fulltrúi gat síðar ekki setið í nefndinni og var varamaður hans því skipaður í nefndina, Friðrik Friðriksson, starfsmaður Hitaveitu Suðurnesja. Það er því útistandandi spurning hvort undir samkomulag nefndarinnar frá 4. ágúst 2004 hafi skrifað fulltrúi "eigenda flutningsvirkja" Hitaveitu Suðurnesja. Til þess að fá úr því skorið yrði að gera ítarlegri könnun á aðstæðum skipunarinnar, t.d. því hvort aðrir eigendur hafi haft vitneskju um samninganefndina og hver ætti að sitja í henni sem fulltrúi eigenda og þannig vitað af skipuninni með óbeinum hætti og látið hana afskiptalaus. Þrátt fyrir að sannreynt væri að það hafi verið "fulltrúi eigenda" sem skipaður var í nefndina verður líka að velja því fyrir sér hvort hann hafi haft umboð til þess að undirrita samkomulagið, þ.e. hversu víðtækt umboð hann hafði. Ekki verður talið óeðlilegt að slíkt samkomulag hefði verið borið undir eigendur áður en undir það var ritað, þ.e. að umboðið hafi ekki náð til þess að undirrita samkomulagið að þeim forspurðum, ekki síst með tilliti til þess að fulltrúinn var í raun ósáttur við aðferð og forsendur sem beitt var í störfum nefndarinnar. Í þessu tilviki myndi líklega reyna á hefðbundnar reglur um sem um umboð gilda.

7.0 Samantekt

Samantekið er það niðurstaða álitsgerðarinnar að ákvæði raforkulaga nr. 65/2003, með hliðsjón af breytingarlögum á þeim nr. 49/2004, séu ígildi eignarnáms, þótt ekki virðist hafa verið gengið skýrlega út frá því af löggafans hálfu við setningu laganna.


Þau sjónarmið um bókfærðar afskriftir sem urðu ofaná í störfum samninganefndarinnar voru ekki lögbundin, þrátt fyrir að í raforkulögunum sé nokkur áhersla lögð á að þeim verði beitt í störfum nefndarinnar. Skiptir sú niðurstaða mjög miklu við skýringu og túlkun á gangi samningaviðræðnanna og niðurstöðu samninganefndarinnar. Ekki verður þó dregin sú ályktun sjálfkrafa að sá misskilningur geri samkomulagið ógilt.

Þó talið sé æskilegt að flutningafyrirtækið hafi virkan ákvörðunarrétt hvað varðar þær eignir sem flutningafyrirtækið hefur til ráðstöfunar, þá er að Evrópurétti ekki gerð krafa um eignayfirfærslu. Slíkar kröfur að íslenskum rétti virðast þó byggja á því að almannahagsmunir krefjist þess.

Úrræði Hitaveitu Suðurnesja til þess að fá hlut sinn réttan eru ekki ótvíræð. Til greina kemur að leita leiðréttingar á grundvelli ákvæða í samkomulaginu sjálfu eða að fá löggerninginn ógiltan á grundvelli meginreglna samningaréttarins um brostnar og/eða rangar forsendur. Eins ber að kanna hvort "fulltrúi eigenda" hafi í raun setið í nefndinni, og hversu víðtækt umboð hann hafði.

Að álit þessu hafa unnið, ásamt undirrituðum, þeir Gunnar Þór Pétursson hdl. og Skarphéðinn Pétursson hdl., báðir lögmenn hjá LOGOS lögmannsþjónustu.


Virðingarfyllt,
LOGOS lögmannsþjónusta



Arni Vilhjálmsson hrl.

Að álit þessu hafa unnið, ásamt undirrituðum, þeir Gunnar Þór Pétursson hdl. og Skarphéðinn Pétursson hdl., báðir lögmenn hjá LOGOS lögmannsþjónustu.

Virðingarfyllt,
LOGOS lögmannsþjónusta




Arni Vilhjálmsson hrl.

Yfirlýsing frá iðnaðarráðherra

Iðnaðarráðherra mun yfirfara valið á þeim afhendingarstöðum raforku frá flutningskerfi til dreifikerfa sem taldir eru upp í viðauka I í lögum nr. 65 27. mars 2003. Við þá yfirferð mun ráðherra hafa samráð við Landsnet hf og önnur raforkufyrirtæki. Sérstaklega verði kannað hvort samræmis sé gætt, einkum er varðar afhendingu raforku úr flutningskerfi að helstu þéttbýlisstöðum landsins. Verði talið nauðsynlegt að breyta afhendingarstöðum mun ráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á árinu 2006.

Reykjavík 4. ágúst 2004


Valgerður Sverrisdóttir

ALCAN PRIMARY METAL EUROPE

ISAL
Alcan á Íslandi hf.

Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími: 560-7000
Fax: 560-7070
Vefur: www.alcan.is

Netfang: isal@alcan.com
Kennitala: 680466-0179

Alþingi
Erindi nr. P 131/503
komudagur 6.12.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

6. desember 2004,
BJo/stb,

Tilv.: Bréf yðar, 30.11.2004
Málefni: Umsögn um lagafrumvarp

Við þökkum bréf yðar, þar sem óskað er umsagnar Alcan á Íslandi við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Við teljum frumvarpið til bóta og höfum ekki aðrar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Birna Pála Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Bjarni Jónsson
Leiðtogi rafveitu

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

**Umsögn Norðurorku hf. um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003,
328 mál.**

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.
Norðurorka hf. telur að sumt það sem lagt er til sé til bóta en annað jafnvel ótækt.
Norðurorka hf. vísar einnig til áður gerðra athugasemda frá fyrirtækinu, eftir því sem við á, við upphaflegt frumvarp til raforkulaga og tillögur að breytingum á raforkulögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Ekki eru athugasemdir við þessa grein sem teljast verður nauðsynleg varúðarráðstöfun til að tryggja raforkuflutning um landið.

2. gr.

a. liður, ekki eru athugasemdir við þennan lið.

b. liður, Norðurorka gerir ekki sérstakar athugasemdir við þennan lið.

c. liður. Við 4. mgr. Í stað þess sem lagt er til í frumvarpinu, bætist nýr málslíður við, svohljóðandi: **Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfinu skal miðast við þá raforku sem flutt er af flutningsfyrirtækinu til dreifiveitunnar.** Ekki er eðlilegt að litlar virkjanir sem framleiða beint inn á dreifikerfi greiði gjald fyrir úttekt. Þessar virkjanir greiða aftur á móti gjald fyrir innmötun og í því gjaldi er greitt fyrir varaafli og reiduafl. Ef tekin er út meiri raforka frá flutningskerfi en áætluð pöntun segir til um er umframorkan greidd sem jöfnunarorka. Það eru því engin rök fyrir að flutningsfyrirtækið taki úttektargjald af framleiðslu smávirkjana sem framleiða beint inn á dreifikerfi.

d. liður. 5. mgr. verði óbreytt frá núgildandi lögum nema að innmötunargjald smærri virkjana sem tengjast dreifiveitu beint, skal skipt i tilteknum hlutföllum milli flutningsfyrirtækis og dreifiveitu. Óþarf er að búa til í lagatexta ákvæði sem valdið geta deilum.

e. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið

3. gr.

a. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið.

b. liður. Norðurorka gerir ekki sérstaka athugasemd við þennan lið.

c. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið.

4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina.

5. gr.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við anda greinarinnar en Norðurorka telur þó að greinin sé óþörf.

6. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina.

7. gr.

Lagt er til að árinu 2007 verði bætt við heimildir Orkustofnunar og fyrirtækjanna. Að mati Norðurorku er æskilegt að sama gildi fyrir árið 2007 og 2006. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að bókhaldsgögn árána sem miðað er við eru ekki í öllum tilvikum marktæk og líklegt að viðmiðun við árið 2004 kunni í einhverjum tilvikum að reynast ófullnægjandi en árið 2005 verður marktæk viðmiðun.

Að lokum.

Norðurorka leggur ríka áherslu á að tillögum, sem koma fram í c. lið annarrar greinar um úttektargjald, verði breytt enda er rökstuðningur sem fram kemur fyrir þeirri breytingu í athugasemdum með frumvarpinu hæpinn og getur orðið til þess að hagkvæmir virkjunarkostir verði ekki nýttir.

Norðurorku er kunnugt um að aðrir hafa sent inn athugasemdir sem ganga í svipaða átt og athugasemdir Norðurorku hf.


Norðurorka treystir því að tekið verði tillit til athugasemda fyrirtækisins og annarra svipaðra athugasemda.

Óásættanlegt er að "smávirkanir" sem þegar hafa verið byggðar og hafa samið um raforkusölu verði gerðar óhagkvæmar með lagaboði.

Virðingarfyllst,

Akureyri 6. desember 2004.

Fh. Norðurorku hf.



Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.



ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.

Stakkanesi 1 - Pósthólf 220
400 Ísafjörður - www.ov.is

Sími: 450 3211
Fax: 456 3204

Kt: 660877-0299
Vsk.nr: 9522
Banki: 0156-26-640

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/534
komudagur 7. 12. 2004

Ísafirði 3. desember 2004

**Umsögn Orkubús Vestfjarða hf. um frumvarp til laga
um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, 328 mál.**

Af hálfu Orkubús Vestfjarða eru gerðar eftirtaldar athugasemdir við þetta frumvarp.

2. gr c.

“ Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan dreifiveitusvæðisins. “

Óskað er eftir að greinin orðist svo:

Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem framleitt er innan þess hluta dreifiveitusvæðisins sem er tengdur flutningskerfinu.

Þessi ósk er sett fram vegna þess að tveir hlutar dreifikerfis OV, Ísafjarðardjúp og Flatey á Breiðafirði, tengjast ekki flutningskerfinu. OV þarf því að sjá um og bera kostnað af þeim þáttum sem flutningskerfið annars sæi um væru þessi kerfi tengd því. Orka sem er framleidd og notuð á þessum svæðum getur því ekki myndað gjaldstofn fyrir flutningskerfið.

5. gr.

Óskað er eftir að við greinina bætist svofelld málsgrein:

Raforkusölum er þó ávallt heimilt að krefjast gjalds fyrir raforkuna sem nemur sannanlegum orkuöflunarkostnaði.

Þessi viðbót gerir raforkusölum kleyft að innheimta raunkostnað fyrir raforkuna og kemur í veg fyrir að þeir séu skyldaðir til að selja hana undir kostnaðarverði.

Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða/hf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ORKUSTOFNUN

Alþingi

Erindi nr. P 131/512

komudagur 6.12.2004

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. desember 2004
Tilvísun: 2004110030
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum, 328. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 30. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 328. mál, gjaldskrár, tekjumörk o.fl.

I. Um eignir og uppfærslu þeirra

Orkustofnun hefur á undanförunum mánuðum unnið að framkvæmd raforkulaga, m.a. setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna, yfirferð gjaldskrártillagna og undirbúningi reglugerðadragna. Við þá vinnu hefur komið í ljós að mikilvægt er að ljóst sé við hvaða tímamark beri að miða við ákvörðun bókfærðs verðs fastafjármuna. Þá telur stofnunin rétt að styrkja reglugerðarheimild um útfærslu á heimildum til breytinga á verði fastafjármuna. Því leggur Orkustofnun til að við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins bætist ákvæði um að miða skuli við bókfært verð fastafjármuna um næstu áramót, sem orðist svo:

"Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru þann 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Um heimild til uppfærslna á bókfærðu verði fastafjármuna við útreikning tekjumarka vegna endurmats og breytinga á verðlagi skal kveðið á um í reglugerð."

Orkustofnun bendir einnig á að umræður hafa orðið um áhrif eigendaskipta á verðmæti eigna. Þess eru dæmi að við sölu hafi bókfært verð eigna, sem lagðar eru til grundvallar útreikninga tekjumarka, hækkað mjög verulega við eigendaskipti, þar sem kaupverð hefur verið allt að helmingi hærra en bókfært verðmæti fyrir kaupin. Orkustofnun telur að kaup og sala eigna eigi ein og sér ekki að hækka tekjumörk og hefur því gert tillögu um að í reglugerð komi ákvæði þess efnis.

II. Um lágmarksarð

Í næstsíðustu málsgr. 12. gr. (og hliðstætt um dreifiveitur í þriðju síðustu málsgr. 17. gr.) segir m.a.: "Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömuávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs."

Komið hefur fram hjá nokkrum af umræddum fyrirtækjum að þau neðri mörk sem hér eru nefnd (helmingur af markaðsávöxtum óverðtryggðra skuldabréfa) sé óþarflega takmarkandi. Markmiðið með ákvæðinu sé að tryggja fjárhagslegt rekstraröryggi fyrirtækjanna, að koma í

veg fyrir hugsanlegt gjaldþrot. Því sé nóg að tryggja að fyrirtækin séu ekki rekin með bókhaldslegu tapi. Orkustofnun getur tekið undir þetta sjónarmið og bendir um leið á að viðmiðið við helming af umræddri skuldabréfaávöxtun geti verið óeðlilega hátt ef verðbólga kynni að aukast. Því er gerð tillaga um að umrædd málsgr. orðist þannig:

"Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár nær hvorki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur að hagnaður sé af rekstri fyrirtækisins skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár sé meira en þriðjungu yfir sömu ávöxtun."

Og með sama hætti orðist þriðja síðasta málsgr. 17. gr. þannig:

"Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár nær hvorki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur að hagnaður sé af rekstri veitunnar skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár sé meira en þriðjungu yfir sömu ávöxtun."

Í samræmi við það sem segir síðar í IV. lið er líka álitamál hvort hámarkið sé viðeigandi, en að svo komnu máli verður ekki gerð tillaga um breytingu á því.

III. Um einangruð dreifikerfi

Þær dreifiveitur sem reka einangruð dreifikerfi, s.s rekstur Rarik í Flatey á Breiðafirði og í Grimsey og rekstur Orkubús Vestfjarða á dreifikerfum á eyjum í Ísafjarðardjúpi, hafa bent á að ekki sé eðlilegt að þær greiði til flutningskerfisins af notkun á hinum einangruðu svæðum, enda njóti þau ekki öryggis flutningskerfisins. Orkustofnun tekur undir þessi sjónarmið og telur rétt að undanskilja notkun á slíkum svæðum í ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins. Orkustofnun leggur því til að við ákvæðið bætist: *"þó skal ekki greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða, sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið"*.

IV. Álitamál um arðsemi og verðtryggingu


Í samhengi við I. lið þessara athugasemda vill Orkustofnun benda á mismunandi viðhorf varðandi tengsl arðsemisviðmiða og uppfærslu á verðmati eigna.

Í 2. tölul., 2. mgr. 12. gr. raforkulaga segir m.a: "Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa." (Og samsvarandi ákvæði er einnig í 17. gr.). Í bráðabirgðaákvæði IX er síðan kveðið á um vissa aðlögun þ.a. á árinu 2005 skal þessi arðsemisviðmiðun (varðandi annað en flutning fyrir stórnotendur) einungis nema helmingi umræddrar markaðsávöxtunar. Hér er vísað til óverðtryggðra skuldabréfa, sem skoða verður í ljósi þess að í framlögðu frumvarpi á löggjafarþinginu 2002-2003 var talað um verðtryggð skuldabréf með 2% álagi, en um leið kveðið á um fulla verðtryggingu eigna. Þetta breyttist í meðförum þingsins í ofangreint ákvæði. Í meðförum Alþingis s.l. vor var jafnframt skotið inn ákvæði í téðar lagagreinar um að " ... í reglugerð [skuli kveðið] á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga." Í drögum að slíkri reglugerð er kveðið á um fulla verðtryggingu eigna. Því verður það að teljast álitamál hvort það geti farið saman að miða arðsemismörk við óverðtryggð skuldabréf og verðtryggja eignir samtímis að fullu. Ef verðbólga er ekki mikil (2-3% á ári) má að vísu segja að fyrrgreint 2% álag sé ekki fjarri muninum á vöxtum verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa. Jafnframt er með fyrrgreindu aðlögunarákvæði arðsemi stillt mjög í hóf í byrjun.

Enda þótt verðbólga sé nú talin vera meiri (3,5% m.v. ár) en hér er haft sem forsenda og að aðlögunartíminn eigi ekki við gjaldskrá fyrir stórnotendur er ekki gerð tillaga um breytingu á lögunum á þessu stigi. En Orkustofnun telur æskilegt að stjórnvöld marki skýra stefnu, sem bæði gæti staðist sveiflur í verðbólgu og geti átt við þegar fyrrgreindu aðlögunartímabili er lokið.

Orkustofnun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Elín Smáradóttir

Helstu efnisatriði raforkulaga, einkum eftir breytingar vorið 2004

Handa iðnaðarnefnd


PH 30. nóv. 2004

*Alþingi
Erindi nr. P 131/303
komudagur 30.11.2004*

Drög af sögu raforkulaganna


- **U.p.b. 1994**
 - Fyrstu þreifingar í Brussel
- **1996: Nefnd Þórðar Friðjónssonar**
 - Allir flokkar og hagsmunaaðilar
 - Sammála
- **U.p.b. 1997**
 - Á að sækja um undanþágu?
 - Þingsályktunartillaga
- **1997: Tilskipunin tekur giidi**
- **2002: Íslandi ætlað að taka upp tilskipunina**
- **1. júlí 2003: Raforkulög koma til (fyrstu) framkvæmda**

Raforkugeirinn



Jöfnun á hverju veitusvæði

Póstgjald



Neytendur
(í dreifbýli)


Neytendur

Neytendur

reih
veita

reih
veita

Sérleyfi




Fyrirtækin skv. raforkulögum

- **Orkuvinnsla**
 - Bókheldslega aðskilin
- **Eitt flutningskerfi**
 - Sérstakt fyrirtæki, “Landsnet”
- **Dreifiveitur**
 - Bókheldslega aðskildar
- **Sala**
 - Bókheldslega aðskilin

Umfang flutningskerfis


- **Meginflutningskerfi skv. nógildandi lögum:**
 - Núverandi kerfi Landsvirkjunar
 - Tenging við virkjanir $\geq 7,0$ MW
 - 66 kV kerfi Rarik og OV
 - Tenging við veitur HS-Vestmannaeyjum, Orkuveitu Húsavíkur og Rafveitu Reyðarfjarðar
 - 55 afhendingarstaðir til dreifiveitna
- **Flutningskerfið nær frá virkjunum að fyrstu aðveitustöðva á jöðrum þéttbýlis**
 - Þannig tilheyra innanbæjarlínur, þótt þær séu á 66 kV spennu eða hærri, ekki flutningskerfinu



Landsnet

- **Hlutafélag**
 - Núv. eig. flutningsvirkja leggi fram eignir sínar, leigi eða selji
- **Mat flutningsvirkja**
 - Eigendanefnd hefur lokið mati á flutningsvirkjum
- **Takmörkun á heimildum hluthafa**
 - Eigendum er fram til loka árs 2011 eingöngu heimilt að selja hlutafé sitt til annarra hluthafa

Verðeftirlit með sérleyfisstarfsemi



Fyrirkomulag á Norðurlöndum

- **Noregur (og hliðstætt í Danmörku)**
 - Tekjurammar til 5 ára
 - Víður arðsemisrammi (2-15%)
 - Hagræðingarkröfur
 - Gjaldskrár samþykktar fyrirfram
- **Svíþjóð (og svipað í Finnlandi)**
 - “Eðlileg gjöld”
 - Fyrirtækin setja gjaldskrár
 - Klögumál eftir á
- **Hvert stefnir?**
 - Eðlilega byrja menn á arðsrömmum
 - Þróunin virðist í átt að tekjurömmum
 - Áform Svía
 - Tekjurammar á grundvelli samræmds kostnaðarlíkans

Gjaldskrárferill

OS ákveður tekjumörk



Fyrirtæki setur gjaldskrá



OS hefur 2 mán. til athugasemda



Gjaldskrá tekur gildi

Arðsemi og tekjurammar

- **Reiknuð arðsemi í tekjurömmum**
 - Jöfn markaðsávöxtun 5 ára óverðtryggðra skuldabréfa (ca. 8%)
 - En með tímaaðlögun:
 - Byrji í helmingi (ca. 4%)
 - Smáhækki með hagræðingarkröfu á 5 ára tímabili
- **Leyfð raunveruleg ávöxtun**
 - Ekki yfir $4/3$ af markaðsávöxtuninni á þriggja ára tímabili (tæplega 11%)
 - Ekki undir $1/2$ af ávöxtunarkröfunni á þriggja ára tímabili (ca. 4%)

Gjaldskrá fyrir almenna úttekt

- **Sama gjald í öllum aðveitustöðvum dreifiveitna**
 - Gjaldið miðist við að orkan sé afhent á á 66 kV spennu
 - Afsláttur verði veittur ef afhent er á hærri spennu
 - Með sama hætti er tekið tillit til annars mismunar í afhendingarþjónustu

Gjaldskrá fyrir innmötun raforku

- **Sama innmötunargjald óháð staðsetningu**
- **Sérstakt tengigjald vegna nýrra virkjana**
 - Kostnaður við tengingu að frádregnum væntum tekjum skv. hinni almennu gjaldskrá
 - Mismunurinn getur bæði verið jákvæður sem og neikvæður
 - Neikvætt (þ.e.a.s. endurgreiðsla) fyrir vel staðsetta virkjun, t.d. á SV-landi; einnig fyrir Kárahnjúkavirkjun
 - Jákvætt (þ.e.a.s. krafa) fyrir virkjun á Norðvesturlandi, nema hún tengist stóriðju þar
 - Gert upp með sérstökum hætti til hliðar við almennu gjaldskrána

Gjaldskrá fyrir stórnotendur

- **Sérstök gjaldskrá fyrir stórnotendur**
 - A.m.k. 14 MW, 100 GWstundir á ári og a.m.k. 8000 stunda nýting á ári
 - Gildir aðeins um endanlega notendur og á einum stað; ekki dreifiveitur
- **Gjaldskrá standi undir kostnaði**
 - Sérstakur tekjurammi fyrir stórnotendur
 - Innmötunargjald (sem er almennt) auk úttektargjalds standi undir kostnaði vegna stórnotenda
- **Sérstakt tengigjald vegna nýrra stórnotenda**
 - Alveg hliðstætt við virkjanirnar


Tengi- og gjaldskylda virkjana

- **Leyfisskyldar virkjanir**
 - Allar virkjanir sem eru 1 MW eða selja á markaði
- **Virkjanir yfir 7 MW**
 - Tengjast flutningskerfinu beint
 - Gjalda fullt innmötunargjald
- **Allar aðrar leyfisskyldar virkjanir**
 - Tengiskyldar í gegnum viðkomandi dreifiveitu
 - Greiða innmötunargjald (sem skiptist milli dreifiveitu og flutningskerfis) fyrir þá raforku sem sett er á markað. *(Nýtt frv. veitir dreifiv. stærri hlutdeild)*
 - Ekki er tekið gjald af eigin notkun

Jöfnun dreifingarkostnaðar

- **Almennt: Eitt og sama gjald á hverju veitusvæði**
- **Dreifiveitur geta þó sótt um að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá**
 - Kostnaður vegna dreifingar sannanlega hærri en í þéttbýli
 - Notkun í dreifbýli a.m.k. 5% af heildarnotkun
- **Jöfnun á dreifingarkostnaði einskorðist við dreifbýlið**
 - Niðurgreiðslan verði aldrei meiri en að hæstu almennu gjaldskrá

Útreiknaður meðalkostnaður við dreifingu



Gildistaka

- **Lögin komust til framkvæmda 1. júlí 2003**
 - Flutningskafla skotið á frest
 - “Verðstöðvun” til ársloka 2004
- **Ákvæði um flutningskerfið komast til framkvæmda 1. jan. 2005**
 - Aðeins stærri notendur fá viðskiptafrelsi
- **Markaðurinn alfrjáls 1. jan. 2007**

**Fundur iðnaðarnefndar
vegna frumvarps til laga um
breytingu á raforkulögum**

30. nóvember 2004

Breytingafrumvarp

- Praktískar lagfæringar og útfærslur
 - Við framkvæmd laganna kemur í ljós þörf á lagfæringum og breytingum
 - Vitað fyrir að gera þyrfti breytingar
- Stjórnarmenn og starfsmenn flutningsfyrirtækis hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna
 - Eins og verið hefur, engin breyting á réttarstöðu starfsmanna þrátt fyrir breytingu í hlutafélag
 - Til dæmis ekki verkfallsréttur hjá þeim sem annast rekstur flutningskerfisins

Breytingafrumvarp frh.

- Heimild til færslu of- eða vantekinna tekna á milli ára
 - Sveiflujöfnun vegna utanaðkomandi aðstæðna
 - Dregur úr þörf á eftirliti, ekki þörf á endurskoðun tekjumarkna á milli ára
- Greiðsla til flutningskerfis vegna heildarnotkunar á dreifiveitusvæði (líka af framleiðslu sem fer beint inn á dreifikerfi)
 - Dreifiveitur greiði flutningskerfinu fyrir það öryggi sem þær þurfa

Breytingafrumvarp frh.

- Dreifiveitur skulu láta virkjanir sem tengist beint inn á dreifikerfi (smávirkjanir) njóta hagræðis sem þær skapa í kerfinu
 - Vel staðsett virkjun sem minnkar töp í kerfinu skal njóta þess
- Gjaldskrár almennra notenda 2005-2007
 - Hvorki samkeppni né verðlagseftirlit
 - Óheimilt að hækka gjald fyrir orku til bundinna kaupenda umfram eðlilegar kostnaðarhækkkanir
 - Heimilt að ákveða hámarksverð í reglugerð ef óeðlilegar hækkkanir verða

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3.12.2004
GP,HBK/is

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 með síðari breytingum, 328. mál.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 með síðari breytingum.

Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er eftirfarandi.

Almennt. Orkuveita Reykjavíkur er þeirrar skoðunar að fresta eigi gildistöku laganna um helst eitt ár eða a.m.k. nokkra mánuði. Ástæðan er sú að kerfið er ekki tilbúið, ekki er búið að setja ramma fyrir tekjur allra einokunarþáttanna, s.s dreifikerfis. Ekki er nema tæpur mánuður þar til þetta á allt að taka gildi og nauðsynlegar reglugerðir liggja enn ekki fyrir. Meðan svo er munu verðskrár veitnanna fyrir næsta ár ekki birtast en þó er þegar ljóst að um töluverða hækkun verður að ræða.

Er því réttast að fresta gildistöku þannig að ekki þurfi að kasta til höndum og ekki verður séð að neitt sérstakt kalli á að byrja svona fljótt.

Athugasemd við 1. grein.

Orkuveitu Reykjavíkur er ekki ljós tilgangur þess að skipa starfsmenn hlutafélags sem opinbera sýslunarmenn né hvaða tenging er við lög númer 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Flutningsfyrirtækið verður hlutafélag og er það ekki skilyrði samkvæmt raforkulögum að það verði að öllu leyti í eigu opinberra aðila. Fastráðning hefur almenn verið aflögð hjá ríkisstofnunum og þekkist ekki hjá hlutafélögum. Engin dæmi finnast um að starfsmenn hlutafélags hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Ef það er ætlunin að starfsmenn hlutafélagsins hafi ekki verkfallsrétt er eðlilegast að kveða á um það í frumvarpinu.

Athugasemd við 3. grein a.

Ekki er auðséð hver nauðsyn þessa ákvæðis er því hér er verið að opna á það að einhver, væntanlega Orkustofnun, geti dæmt ákveðnar eignir sem “ónauðsynlegar” eignir fyrir kerfið og því eigi ekki að taka tillit til þeirra. Þær eignir teljast þá væntanlega til sokkins kostnaðar hjá viðkomandi kerfi og einhvern vegin þarf þá að meðhöndla þann kostnað. Það er ekki gert í lögnum né (frumvarpinu) né er skilgreint hvað þarf til að eignir teljist “ónauðsynlegar”. Í 41. grein raforkulaga er hins vegar útfærðar reglur um skiptingu

kostnaðar við eignir sem ekki tilheyra eingöngu raforkudreifingu. Ekki verður séð annað en breytingin auki óvissu við framkvæmd laganna en ef vilji er til að telja hluta eigna dreifiveitna til sokkins kostnaðar þá þarf viðameira regluverk til þess en þessi breyting hefur í för með sér.


Athugasemd við 3. grein b.

Í síðustu málsgrein 4. greinar er sett inn ákvæði til að takmarka heimild til uppsöfnunar réttinda. Ákvæðið á um vannýttar heimildir til nýtingar tekjuramma sem hægt er að flytja milli ára. Ekki verður betur séð en að ákvæðið setji forsvarsmenn dreifiveitna í þá stöðu að þurfa helst að fullnýta tekjurammann innan leyfilegs tíma því annars tapast ákveðin “eign” frá veitunni. Oft geta verið fullgildar ástæður fyrir því að veitur fresta hækkunum um lengri eða skemmri tíma. Þar getur til dæmis verið ákvæði í kjarasamningum um rauð strik, atvinnuleysi ofl ástæður. Undarlegt er að setja inn ákvæði sem hvetur til hækkana, að nýta tekjurammann. Einn rökstuðningurinn fyrir þessu er að veiturnar geti safnað ónýttum heimildum til hækkunar sem nýtist þá til hækkunar verðmats þegar veiturnar verða seldar. Vissulega réttmæt röksemd að verðmæti dreifiveitu er væntanlega herra ef það á ónýttar tekjuheimildir en ekki er eins augljóst hvers vegna koma þarf í veg fyrir hámarkun verðmætis við sölu.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,



Guðmundur Þóroddsson, forstjóri.



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/505
komudagur 6.12.2004



Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi

150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR


BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR
TÞH/hþ
00-22

DAGSETNING
06.12.2004

Rafmagnsveitur ríkisins taka undir meginefni frumvarps um breytingar á raforkulögum. Meðfylgjandi eru þó þær athugasemdir sem Rafmagnsveiturnar vilja leggja áherslu á við þessa breytingu raforkulaganna.

Virðingarfyllst,


rafmagnsveitustjóri

06.12.2004
PEP/hp

Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.

1. 2. gr. C-liður

Í stað orðanna “framleitt er” komi “mótekið er beint frá virkjun”.

Skýring. Með þessu móti er gjaldtakan bundin við þá orku sem mötuð er inn á dreifikerfi líkt og gert er í 2. tölulið 31. greinar raforkulaga en nær ekki til orku sem ekki fer inn á dreifikerfið t.d. orku sem framleidd er til eigin nota í virkjunum sem hvorki tengjast dreifikerfi né flutningskerfi.

2. 2. gr. D-liður

Á eftir orðunum “eðlilegt gjald” komi “sem taki mið af hagræði flutningskerfisins”.

Skýring. Meginhagur af dreifiveitutengdum virkjunum kemur fram í hagræði í flutningskerfi. Eðlilegt er að dreifiveitur njóti þessa hagræðis til að standa straum af tengikostnaði og til að láta smávirkjanir njóta þess í samræmi við C-lið 3. gr.

3. 3. gr. C-liður

Í stað orðsins “veitusvæði” komi “dreifikerfi”.

Skýring. Virkjanir tengjast “dreifikerfi” en geta ekki tengst “veitusvæði”.

4. 3. gr. C-liður

Í stað orðanna “minni tapa en ella væri eða á annan hátt hagstæð” komi “hagræðis”.

Skýring. Meginhagur dreifikerfisins af virkjun kemur fram í viðskiptum við flutningskerfið samanber D-lið 2. gr. Kostnaður vegna tapa í dreifikerfi er hluti af forsendum fyrir tekjuramma dreifiveitu og breytist við endurskoðun tekjuramma í samræmi við raunveruleg töl. Þannig hverfur tapalækkun út úr tekjuramma dreifiveitu til lengri tíma lítið, en notendur njóta þess hagræðis.

Alþingi
Erindi nr. P 131/506
komudagur 6.12.2004

Garði 6/12 2004

Iðnaðarnefnd Alþingis

Frumvarp til raforkulaga, 328. mál.

Umsögn Sambands garðyrkjubænda.

Samband garðyrkjubænda gerir ekki efnislegar athugasemdir við hjálagt frumvarp nr. 65/2003, með síðari breytingum en vill í ljósi aðstæðna koma eftirfarandi á framfæri.

Samband garðyrkjubænda lýsir áhyggjum vegna þeirra breytinga á umhverfi raforkusölu sem boðaðar eru 1. janúar næstkomandi.

Þegar þetta er ritað (6/12 2004) liggur ekkert fyrir um verðskrá raforku til lýsingar í gróðurhúsum annað en það að þau sérkjör sem greinin hefur notið hjá Landsvirkjun falli niður. Hvort komið verði til móts við greinina með öðrum hætti, þ.e. í gjaldskránni sjálfri, eða með breytingum á niðurgreiðslum er óljóst á þessari stundu.

Í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði grænmetisframleiðenda milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda er kveðið á um niðurgreiðslur á raforku til greinarinnar og að verð á raforku sé sambærilegt við það sem í boði var þá (2002) erlendis og eru Noregur og Kanada nefnd sérstaklega í því samhengi.

Tollfrjáls innflutningur á samkeppnisvörum ylræktarbænda hefur leitt til þess að raflýsing í ylrækt hefur aukist. Samfelld framleiðsla allt árið er nánast skilyrði fyrir því að framleiðsluvörur greinarinnar séu samkeppnishæfar við innfluttar. Verð til neytenda hafa lækkað og má því segja að markmið þeirra breytinga sem gerðar voru á starfsumhverfi ylræktarinnar hafi náðst.

Í ljósi breyttra markaðsaðstæðna er ylræktin því mjög háð hagstæðu raforkuverði og ekki í stakk búin að mæta neinum hækkunum. Erlend samkeppni gerir það að verkum að ekki er hægt að flytja hækkanir á kostnaði út í vöruverðið.

Mikilvægt er að sú jákvæða þróun sem orðið hefur í ylrækt, með tilkomu raflýsingar, haldi áfram. Þekking og færni greinarinnar til framleiðslu á hágæðavöru er til staðar. Orkukostnaðurinn er stór þáttur í rekstrinum og má því lítið útaf bera til að rekstrarafkoman verði neikvæð.

f.h. Sambands garðyrkjubænda
Helgi Jóhannesson formaður



SAMORKA

Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi
Erindi nr. P 131/570
komudagur 8.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2004

Varðar: Frumvarp til raforkulaga, 328. mál

Samorka þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.
Samorka gerið ekki sameiginlega umsög en vísar til umsagna einstakra
raforkufyrirtækja

Með kveðju
Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/587
komudagur 10.12.2004



Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. desember 2004
Tilvísun: 2004120003/90.12; lagafrumvörp; reglur
DÁ/BH
30.11.2004

Efni: Umsögn um frumvarp til raforkulaga, 328. mál, gjaldskrár, tekjumörk o.fl.

Með bréfi dags. 30.11.2004 er Vegagerðin beðin um umsögn um ofangreint málefni. Erindið hefur verið tekið til umfjöllunar og gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gunnarsson,
aðstoðarvegamálastjóri.